


Engin Madonna án Betty Davis



Frikki Dór opnar hlið gleðinnar



Netapótek  
Lyfjavers  
lyfjaver.is



Lífið > 20


Lífið > 22

# FRÉTTABLAÐIÐ

29. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 11. FEBRÚAR 2022



Kafarar frá sérsveit Ríkislögreglustjóra, slökkviliðinu og Landhelgisgæslunni unnu þrekvirki við að ná þeim sem létust í flugslysinu í síðustu viku upp af botni Þingvallavatns. Hinir látnu voru fluttir til Reykjavíkur þar sem aðstandendur fengu að eiga stund með þeim. Á morgun er stefnt að því að ná upp Cessna-flugvélinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Reglur um einveruherbergi

**MENNTAMÁL** Mennta- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, fagnar úttekt Umboðsmanns Alþingis á einveruherbergjum í skólum landsins. Hann segir að fljótlega muni ráðuneyti hans gefa út verklagsreglur um slík herbergi.

Litið verður til núverandi löggjafar, reglugerða og aðalnámskrár við þá vinnu, samkvæmt svari mennta- og barnamálaráðuneytisins til Umboðsmanns Alþingis. **SJÁ SÍÐU 4**



Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra

## Hver einasta mínúta í kafi var skipulögð til fullnustu

Lögreglan segir það stórkostlegan árangur í vöndri stöðu að ná að koma öllum fjórum á land úr Þingvallavatni í gær. Þetta hafi verið ein erfiðasta aðgerð allra tíma.

bth@frettabladid.is

**BJÖRGUN** Mikið afrek var unnið í gær í einhverri flóknustu og erfiðustu björgunaraðgerð sem sögur fara af hér á landi, þegar kafarar komu öllum hinum látnu á land úr Þingvallavatni, eftir flugslysið í síðustu viku. Nýttur var kafbátur með myndavél og griparmi og tóku kafarar svo við.

„Með því að vinna þetta skipulega held ég að við höfum komið í

veg fyrir að hætta skapaðist,“ sagði Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Sudurlandi, sem stjórnaði aðgerðum, í samtali við Fréttablaðið rétt fyrir prentun í gærkvöld.

„Það er öllum létt, þetta er langt umfram það sem við gerðum okkur vonir um í síðustu viku að gæti gerst. Þetta er stórkostlegur árangur í mjög vöndri stöðu,“ segir Oddur.

Kennsl höfðu verið borin á tvo menn af fjórum þegar blaðið fór í prentun og var stefnt að því að ættingjar næðu að bera kennsl á alla fjóra fyrir nóttina.

Ásgeir Erlendsson, hjá Landhelgisgæslunni, segir að Gæslan, lögregla og slökkvilið í samstarfi við sérfræðinga í faginu hafi undanfarna daga unnið baki brotnu. „Við



Ásgeir Erlendsson, hjá Landhelgisgæslunni

þessar aðstæður er sérstaklega mikilvægt að vanda undirbúninginn eins vel og kostur er og segja má að hver einasta mínúta kafaranna hafi verið skipulögð. Við hjá Landhelgisgæslunni erum ákaflega þakklát öllum þeim sem komu að aðgerðinni við krefjandi aðstæður á og við Þingvallavatn,“ segir Ásgeir. Traustvekjandi sé að vita af svo öflugum hópi fagfólks. ■

## Ragnhildur Alda keppir við Hildi

**REYKJAVÍK** Ragnhildur Alda María Vilhjálmstöttir varaborgarfulltrúi hyggst gefa kost á sér í oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi hefur einnig gefið kost á sér í oddvitasætið. Ragnhildur Alda hefur verið varaborgarfulltrúi frá árinu 2018, hún skipaði 11. sætið á lista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar það ár. **SJÁ SÍÐU 4**



Ragnhildur Alda María Vilhjálmstöttir, vara-borgarfulltrúi

RAFMAGNADUR

ENYAQ iV

412 til 534 km drægni (WLTP)

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · www.hekla.is/skodasalur



SKODA

FÆST EINNIG FJÓRHJÓLADRIFINN

Verð frá 5.790.000 kr.

## Afléttingar vegna Covid í pípunum

bth@frettabladid.is

**COVID-19** Ríkisstjórnin fundar um afléttingar í dag og er von á töluverðum breytingum, að líkindum frá og með miðnætti.

Fyrir liggur að einangrun verður ekki afnumin en gert er ráð fyrir að heimilt verði að tvö hundruð megi koma saman og fjöldatakmörkanir á sitjandi viðburðum verði eitt þúsund manns.

Þá er líklegt að skemmtistaðir og veitingastaðir fái að hafa opið til eitt en síðustu gestir komi inn fyrir miðnætti. ■



Annar maðurinn var handtekinn í aðgerð við Miklubraut í gær.

## Alvarlega særð eftir skotárás

arib@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Ung kona er alvarlega særð eftir að hún var skotin í kviðinn í Grafarholti í fyrrinótt. Karlmaður er særður eftir að hafa verið skotin í annan fótinn. Árásin átti sér stað utandyra.

Lögregla handtók í gær tvo menn á þrítugsaldri, virðist vera sem þeir hafi reynt að fela sig fyrir lögreglu. Lagt var hald á ökutæki mannanna og skammtbyssu. Lögregla hefur áður haft afskipti af báðum mönnum.

Tilkynningin barst lögreglu á fjórða tímanum í fyrrinótt, mun ótengdur aðili sem var á svæðinu hafa tilkynnt málið. Alls tóku um áttatíu lögreglumenn þátt í leitinni að mönnum.

Miðlæg rannsóknardeild fer með rannsókn málsins og er hún á frumstigi. Talið er að tengsl meintra árásmanna við fólkið sem varð fyrir árásinni séu einhver. Ekki er vitað hvort fleiri en eitt vopn var notað.

Fram kom í kvöldfréttum RÚV að lögregla væri að skoða hvort árásin hefði verið hefndaraðgerð og hvort tengja mætti hana við skipulagða glæpastarfsemi. ■

## Funduðu um vöggustofurannsókn



Hrafn Jökulsson, Árni H. Kristjánsson og Viðar Eggertsson mættu til fundar við Þorstein Gunnarsson borgarritara í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. Þeir Hrafn, Árni og Viðar voru allir vistaðir á svokölluðum vöggustofum á vegum borgarinnar. Ríki og borg ætla að vinna þétt að rannsókn á vöggustofum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Ofbeldishegðun er þema 112 í ár

bth@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** 112 dagurinn er í dag. Áhersla verður lögð á að vinna gegn hvers konar ofbeldi.

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínunni hefur ofbeldishegðun farið vaxandi hér á landi þau tvö ár sem Covid-faraldurinn hefur geislað.

Í tilefni dagsins miðlar Neyðarlínán fræðsluafni á gagnvirku myndbandi um rétt og skilvirk samskipti við neyðarverði sem svara í símann þegar hringt er í neyðarnúmerið 112.

Horfa má á myndbandið með því að smella á á hlekk á heimasíðu Neyðarlínunnar sem og á heimasíðum samstarfsaðila. ■

# Blöskraði framkoma prests og kórinn fylgdi stjórnanda

Að minnsta kosti sjö mál eru nú til rannsóknar hjá teymi Þjóðkirkjunnar vegna séra Gunnars Sigurjónssonar. Eftir 34 ára starf Kórs Hjallakirkju lagði hann niður störf í fyrra vegna framkomu séra Gunnars í garð kórstjórans.

helenaros@frettabladid.is

**TRÚMÁL** Kór Hjallakirkju lagði niður störf í apríl 2021 eftir 34 ára starf vegna framkomu sóknarprestis við Digranes- og Hjallakirkju í garð Láru Bryndísar Eggertsdóttur, kórstjóra og organista, eftir að hún greindi frá samstarfsörðugleikum milli sín og séra Gunnars Sigurjónssonar.

Lára fór í veikindaleyfi vegna málsins fyrri hluta ársins 2021 og sagði svo formlega upp störfum í apríl sama ár.

Í júní sendi Lára málið til teymis Þjóðkirkjunnar þar sem nú fer fram rannsókn á því.

Stundin greindi frá því fyrr í vikunni að séra Gunnar hefði verið sendur í leyfi frá störfum í desember síðastliðnum eftir að sex konur stigu fram og ásökuðu hann um kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mál Láru ekki eitt þeirra sex sem Stundin greindi frá og því eru að minnsta kosti sjö mál til rannsóknar hjá teymi Þjóðkirkjunnar vegna séra Gunnars.

Stjórnarmeðlimur í Kór Hjallakirkju segir í samtali við Fréttablaðið að kórfélögum hafi blöskrað framkoma í garð Láru eftir að hún greindi frá samstarfsörðugleikum um við séra Gunnar og segir hana ekki hafa fengið þann stuðning sem hún hefði þurft frá öðrum prestum í prestakallinu.



Séra Gunnar var sóknarprestur í Digranes- og Hjallakirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Lára Bryndís Eggertsdóttir, kórstjóri og organisti

hallað verulega á Hjallasókn að þeirra mati.

„Við kórfélagar höfum átt gott samstarf við Láru Bryndísi og tókum nærri okkur að hún sjái sér ekki lengur fært að mæta til vinnu vegna samstarfsörðugleika. Við stöndum við bakið á henni og styðjum í því umróti sem hún stendur nú í varðandi samskipti á vinnustaðnum.“

Okkur þykir ámælisvert hvernig framkoma ákveðinna starfsmanna kirkjunnar hefur verið í garð Láru Bryndísar og það er ljóst að margir kórfélagar munu ekki taka þátt í kórstarfinu ef hún fer í leyfi. Við erum miður okkar yfir þeim neikvæðu áhrifum sem þessi átök innan kirkjunnar hafa haft og munu hafa á annars langt og farsælt kórstarf við Hjallakirkju. Við sitjum ekki þegjandi hjá þegar kórstýran okkar, sem er fagmanneskja fram í fingurgóma og góður félagi, hreks frá vinnu vegna þess sem okkur sýnist jaðra við að vera einelti á vinnustaðnum,“ segir jafnframt í lok ályktunarinnar. ■

Vandaðir sófar frá Fama

Sjá nánar á patti.is



fama

Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti HÚSGÖGN

# K7

## Bílasölvur á betra plani

Opnunarhátíð laugardaginn  
12. febrúar frá 12–16

Á K7 hafa Askja notaðir bílar, Bílaland, Bílamiðstöðin,  
Bílabankinn og Hyundai notaðir komið sér fyrir á yfir 23.000 fm  
sýningarsvæði á frábærum stað sem rúmar yfir 800 bíla.

Komdu í heimsókn og skoðaðu  
ótrúlegt úrval notaðra bíla!



Bílasölvur Krókhálsi 7 - 110 Reykjavík

[k7bilasolur.is](http://k7bilasolur.is)

 **ASKJA**  
NOTAÐIR BÍLAR  
Sími. 590 2160

**bílaland**  
Sími. 525 8000

 **BÍLAMIÐSTÖÐIN**  
Sími. 517 4500

 **BÍLABANKINN**  
Sími. 588 0700

 **HYUNDAI**  
NOTAÐIR  
Sími. 525 8000



Hjólhýsaeigendur eru ósáttir við Bláskógabyggð. MYND/ADSEND

## Neita áfram að þyrma hjólhýsum

gar@frettabladid.is

**SKIPULAGSMÁL** Lögmaður fólksins sem á eignir á hjólhýsasvæðinu á Laugarvatni gaf sveitarstjórn Bláskógabyggðar tíu daga frest í lok janúar til að afturkalla fyrri ákvörðun sína um lokun svæðisins.

Sveitarstjórn kveður hins vegar ekki forsendur fyrir því að draga ákvörðunina til baka og vísar til fyrri afstöðu í málinu, sem kemur fram í fjölda bókana sveitarstjórnarinnar um málið.

Lögmaður eigenda hjólhýsanna vildi að Bláskógabyggð gengi til samninga við staðarhaldara á svæðinu og félagið Samhjóla um áframhaldandi rekstur. ■

## Ráðherra hyggst stíga stærri skref

arib@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Jón Gunnarsson innanríkisráðherra sagði á fundi Félags atvinnurekenda í gær að frumvarp um að leyfa minni brugghúsum að selja gestum áfengi væri aðeins „hænskref“.



Jón Gunnarsson, innanríkisráðherra

Jón sagði að hann hygðist stíga stærri skref. „En á sama tíma verð ég að vera meðvitundur um að við erum kannski í vandræðum með okkar samstarfsflokka í meirihlutunum og reyndar út fyrir það, það hafa verið eitthvað skiptar skoðanir innan okkar eigin flokks, þó að ég telji að það sé yfirstíganlegt,“ sagði ráðherra. ■

# Sjálfstæðisflokkur með opið prófkjör í borginni

arib@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun halda opið prófkjör í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Ekki var samþykkt að loka kjörskrá tveimur vikum fyrir prófkjörið, sem fer fram 12. eða 19. mars næstkomandi.

Viðmælendur Fréttablaðsins innan flokksins í borginni segja að ekki hafi verið um að ræða einstakar fylkingar þegar kom að þeirri



Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

tillögu. Fyrir kosningarnar 2018 hélt flokkurinn leiðtogakjör þar sem Eyþór Arnalds hlaut oddvitasætið, hann gefur ekki kost á sér á ný. Mikil



**Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fer fram 12. eða 19. mars næstkomandi.**

óánægja var innan flokksins í desember síðastliðnum þegar til stóð að halda annað leiðtogaprófkjör.

Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi og Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir varaborgarfulltrúi gefa kost á sér í oddvitasætið. Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi, Þorkell Sigurlaugsson, formaður velferðarnefndar Sjálfstæðisflokksins, og Kjartan Magnússon, fyrrverandi borgarfulltrúi, sækjast eftir öðru sæti. ■

# Ráðherra vinnur að verklagsreglum um hvernig nota eigi einveruherbergi

Mennta- og barnamálaráðherra segist fagna úttekt Umboðsmanns Alþingis á einveruherbergjum og segir að fljótlega muni ráðuneyti hans gefa út verklagsreglur um slík herbergi.

lovisa@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Mennta- og barnamálaráðherra vinnur nú að leiðbeinandi verklagsreglum um einveruherbergi, fyrir kennara og starfsfólk skóla, en þar mun koma fram hvenær og við hvaða aðstæður megi nota slík herbergi og hvaða málsmæðferðarreglur skuli miða við. Lítið verður til núverandi lögjafar, reglugerða og aðalnámskrár við þá vinnu og það haft að leiðarljósi við útgáfu verklagsreglnanna. Þetta kemur fram í svari mennta- og barnamálaráðuneytisins til Umboðsmanns Alþingis, um einveruherbergi.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, segist fagna úttekt Umboðsmanns Alþingis og að ráðuneyti hans ætli að bregðast við málinu með fjölbreyttum hætti.

„Það þarf að marka reglurnar, hver er að gera þetta, hvernig er það gert og hvernig er það skráð,“ segir Ásmundur Einar, og að afstaða ráðuneytisins sé ekki að það þurfi að banna herbergin alfarið, en að skýra þurfi betur notkun þeirra.

Í svari ráðuneytisins við bréfi umboðsmanns Alþingis kemur fram að þar verði stofnaður vinnuhópur með helstu hagsmunaaðilum, til þess að skoða álitamál sem snúa að notkun einveruherbergja.

Þá ætlar ráðuneytið að biðja Brúarskóla um upplýsingar um hvaða



Afstaða ráðuneytisins er ekki að það þurfi að banna einveruherbergi alfarið en að það þurfi að skýra betur notkun þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR



**Við ætlum að fara í þetta samtal og setja kraft í þessa vinnu svo hægt sé að skýra hvernig megi gera þetta og með hvaða hætti.**



Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra

skóla þau hafi aðstoðað við einveruherbergi og með hvaða hætti. Ráðuneytið ætlar einnig að taka afstöðu til með hvaða hætti beri að skrá beitingu úrræðisins og tilkynna viðeigandi aðilum og skoða hvernig hægt sé að bæta fræðslu og þjálfun starfsfólks hvað varðar faglegar og lagalegar heimildir til að bregðast við málum nemenda með alvarlegan hegðunarvanda. Þá segir að lokum að ráðuneytið muni taka til skoðunar fýsileika þess að setja upp miðlæga ráðgjöf, í stað þeirrar sem Brúarskóli og aðrir sérskólar hafa sinnt, með það að markmiði að samhæfa betur ráðgjöf á landsvísu.

„Í stóra samhenginu er það þannig að það er úrræðaleyfið innan skólakerfisins gagnvart því hvernig við vinnum með börnum sem eru með ýmsar áskoranir og það er verkefnið sem er fram undan. Með innleiðingu nýju farsældarlaganna erum við að

fara inn í það,“ segir Ásmundur Einar. Samhliða innleiðingu laganna muni hann beita sér fyrir því að hefja samtal við skólakerfið um hvernig farsældin komi þar inn og hvenær félagsþjónustan þurfi að stíga inn og með hvaða hætti.

„Hluti af þeirra innleiðingavinnu verður að endurskoða aðkomu félagsþjónustu og annarra kerfa að skóla án aðgreiningar,“ segir Ásmundur Einar.

Hann segir að með stofnun nýs mennta- og barnamálaráðuneytis, og með því að fá félagsmálin líka þangað inn, sé gerð tilraun til að endurskoða hvernig mennta- og félagsmál samtvinna og að samhliða því verði öll úrræði og tæki og töl endurskoðuð.

„Við ætlum að fara í þetta samtal og setja kraft í þessa vinnu svo hægt sé að skýra hvernig megi gera þetta og með hvaða hætti.“ ■

## VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna. Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



**Hästens** since 1852

**Betra BAK**

HÄSTENS VERSLUN  
Faxafeni 5, Reykjavík  
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI  
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16  
www.betrabak.is

# Þennan þarftu að prófa

Íslenskt ungnauta ribeye hakkað og mótað, útkoman verður alvöru steikar hamborgari sem á sér engan líkan.

**Alvöru Ribeye hamborgari**  
2 x 120 g

**1.103** kr/pk  
Verð áður 1.379



# Allt fyrir Superbowl

## HAGKAUP

Tilboð gilda út 13. febrúar



**Fulleldað Kornfleks og oriental kjúklingalundir**  
Verð áður 4.199 **3.359** kr/kg



**Kjúklingavængir**  
Verð áður 599 **479** kr/kg



**Frystivara Kjúklingavængir og kjúklingalundir**  
Verð frá **749** kr/pk



**Allt Herr's snakk á tilboði**  
**199** kr/pk



**Famous Dave's Steak & Burger krydd Rich & Sassy BBQ sósa**  
**199** kr/stk



**Coca-Cola með og án sykurs, 330 ml 20 stk í kassa**  
Verð áður 1.980 **1.499** kr/ks



Johnson forsætisráðherra hitti breska hermenn í Póllandi í gær.

## Mesta hættan í marga áratugi

arib@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, segir að Evrópa standi frammi fyrir mestu hættu í marga áratugi. Í samtali við blaðamenn í Brussel í gær sagði hann að þolinmóðar samningaviðræður og fyrirbyggjandi aðgerðir væru leiðin út úr núverandi hættuástandi.

Rússar hafna því alfarið að ætla sér að ráðast inn í Úkraínu, en gervi-hnattarmyndir sem CNN hefur sýnt, sýna að búíð sé að færa herlið Rússa nær landamærunum.

Johnson sagði að hann tryði því ekki að Rússar væru búnir að ákveða að ráðast inn í landið, en tók fram að gögn frá leyniþjónustunni væru ógnvekjandi. ■

## Hríðfækkar í upplýsingatækni

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ATVINNULÍF** Mun færri fyrirtæki hafa starfsmann í upplýsingatækni á sinni launaskrá í dag en fyrir áratug. Starfsmann sem sér um rafræn samskipti og meðferð gagna. Í dag hafa 13 prósent fyrirtækja slíkan starfsmann innan sinna ræða sem er, ásamt Ítalíu, lægsta hlutfall í Evrópu.

Árið 2012 var hlutfallið meira en tvöfalt hærra, það er 27 prósent. Þá var Ísland langt yfir Evrópumeðaltalinu sem er 20 prósent. Meðaltalið hefur varla haggast, en Ísland hrundi niður listann sem birtur er hjá Eurostat, evrópsku tölfræðistofnuninni.

Þegar lítið er til atvinnugreina er mjög misjafnt hvort fyrirtæki telja sig hafa not fyrir starfsmann í upplýsingatækni. Hæst er hlutfallið í tölvu- og fjarskiptageiranum, milli 60 og 70 prósent, sem og hjá orku-fyrirtækjum og fjölmiðlum. ■



Trump geymdi bréf frá Kim.

## Er enn í sambandi við Kim Jong-Un

arib@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Donald Trump, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, er enn í sambandi við Kim Jong-Un, einræðisherra Norður-Kóreu, samkvæmt nýrri bók blaðakonunnar Maggie Haberman. Mun einræðisherrann vera eini þjóðarleiðtoginn sem Trump er enn í sambandi við eftir að hann lét af embætti.

Eftirlitsnefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings hóf í gær rannsókn á bréfum Kims til Trumps sem hann tók með sér til Flórída eftir að hann lét af embætti. ■

# Rannsaka launamun hinsegin fólks og annarra

kristinnhaukur@frettabladid.is

**MANNRÉTTINDI** Bandalag háskólamanna og Samtökin '78 hafa gert samkomulag um rannsókn á hvort launamunur sé milli hinsegin fólks og annarra á íslenskum vinnumarkaði. Að sögn Friðriks Jónssonar, formanns BHM, verður rannsóknin ekki einskorðuð við háskólafolk, heldur verður lítið vitt á vinnumarkaðinn.

„Okkur grunar að það sé mismunur í gangi. Ef rannsóknin leiðir

það í ljós verður hægt að nota hana til þess að vinna gegn mismununinni,“ segir Friðrik. Heilt á lítið vilji stjórnendur ekki mismuna fólki en mismunun geti einnig verið ómeðvituð. Sýni gögnin mismunun, í ákveðnum atvinnugreinum eða öllum, verði hægt að nýta þau til að bæta úr. „Við erum að berjast gegn ómálefnalegum launamun.“

Rannsóknin verður gerð í lok vors og snemma í sumar. Gerð verður viðhorfs- og reynslukönnun og ýmsar hagtölur og launaupplýsing-



Okkur grunar að það sé mismunur í gangi.

Friðrik Jónsson formaður BHM

ar rýndar. Sérfræðingar frá Háskóla Íslands munu taka þátt í þessu.

Friðrik segir viðfangsefnið hins vegar flóknara en þegar launamunur kynjanna er reiknaður út, því innan kerfisins er hin hefðbundna skipting karla og kvenna í flestum tölum. Í rannsókninni verður þó hægt að komast að ýmsu, svo sem hvort glerþak sé hjá fyrirtækjum þegar kemur að samkynhneigðum og hvernig transfólki líður á vinnumarkaði. Heilt yfir sé rannsóknin gerð til þess að víkka jafnréttisumræðuna. ■

# Viðbragðsstéttir eigi sameiginlegra hagsmuna að gæta í kjaramálum

Fulltrúar lögreglumanna, slökkviliðsmanna og fleiri viðbragðs- og öryggisstétta funduðu í vikunni um kjaramál sín. Stéttirnar hafa verið óánægðar með framkvæmd styttingu vinnuvikunnar.

Kristinnhaukur@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Fulltrúar viðbragðs- og öryggisstétta innan vébanda BSRB funduðu á miðvikudag um kjaramál og styttingu vinnuvikunnar. Ekki hefur verið stofnað eiginlegt félag en áfram verður fundað fyrir næstu kjaralotu, einkum og sér í lagi vegna óánægju stéttanna með útfærslu á styttingu vinnuvikunnar.

„Þetta var óformlegt spjall. Við erum að undirbúa okkur fyrir kjaraviðræður og viljum vera tímanlega í þessum,“ segir Fjölínir Sæmundsson, formaður Landssambands lögreglumanna. En ásamt lögreglumönnum voru fulltrúar slökkviliðs og sjúkraflutningamanna, tollgæslumanna, gæslumanna úr Landhelgisgæslunni og fangavarda. Kjarasamningar þessara stétta losna í mars á næsta ári.

„Þetta var fyrsti fundur og það munu verða fleiri. Það eru klárlega sameiginlegir hagsmunir,“ segir Magnús Smári Smárasón, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, LSS. „Þetta eru lítil félög inni í stóru félagi. Það er hollt fyrir þessa aðila að hittast og ræða stöðuna, þó að ekki séu stofnuð ný samtök.“

Róttin að þessum viðræðum er stytting vinnuvikunnar úr 40 tímum niður í 36 eða jafnvel 32, sem var eitt helsta baráttumál BSRB fyrir síðustu kjarasamninga en reynst hefur flókið fyrir sumar vaktavinnustéttir í framkvæmd. Takmarkið var að stytta vaktir úr 12 niður í 8 tíma, en það hefur ekki alls staðar gengið eftir.

Ríkislögreglustjóri áætlaði að ráða þyrfti 75 lögreglumenn til að mæta styttingunni sem tók gildi í maí síðastliðnum. Stjórnvöld hafa



Lögreglumenn hafa kvartað undan auknu álagi síðan styttingin var tekin upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Þetta var fyrsti fundur og það munu verða fleiri.



Magnús Smári Smárasón, formaður LSS

lofað ráðningum en efndir gengið hægt og lögreglumenn kvarta undan auknu álagi eftir breytinguna.

Hjá LSS hefur styttingin aðeins verið framkvæmd á einum stað, Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Annars staðar var henni frestað til 1. maí næstkomandi. „Við treystum okkur ekki í þetta verkefni í upphafi og frestuðum innleiðingunni,“ segir Magnús. Tíminn hefur verið nýttur til fundahalds með rekstraradilum og verkefnisstjórn styttingarinnar. Eitt slökkvilið hefur síðan komist að ásættanlegri niðurstöðu.

Í fangelsunum þarf að ráða í 27 stöðugildi, en ríkið hefur boðið 15. Þetta hefur orsakað að algengara er að einn vörður sé á vakt, sem er talið óeðlilegt öryggisins vegna, bæði hans sjálfs og fanga.

Þá hefur óánægja meðal

landamæravarda og tollgæslumanna verið mikil með útfærslu styttingarinnar. Vöktum hefur verið fjölgað og sumar eru aðeins sex tímar, sem leitt hefur af sér gríðarlegt óhagræði fyrir starfsfólk. Þá hefur einnig verið deilt um vaktalag.

„Styttingin hefur gengið svolítið erfiðlega hjá þessum stéttum. Þær þurfa að vera með mönnun allan sólarhringinn. Útfærslan hefur gengið illa af því að það hefur reynst erfitt að fylla mönnunargatið,“ segir Fjölínir.

„Stytting vinnuvikunnar var grundvallar kerfisbreyting og hefur ekki gengið fullkomlega upp alls staðar. Það þarf að sníða vankanta af framkvæmdinni,“ segir Magnús. Félagsmenn þessara félaga hafi hagsmuni af því að þau lífsgæði sem styttingin átti að fela í sér náist. ■

# Börn með ofnæmi dragi sig í hlé og upplifi kvíða

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Börn og ungmenni með fæðuofnæmi þurfa oft og tíðum að takast á við krefjandi aðstæður í lífinu,“ segir Selma Árnadóttir, varaformaður Astma- og ofnæmissamtakanna.

Samtökin hrintu í heimsfaraldrinum af stað námskeiði fyrir börn á aldrinum 10-15 ára, sem eru með ofnæmi, og foreldra þeirra. Markmið námskeiðsins er að efla börnin og styrkja þau í samskiptum. Selma segir að þegar börn sem eru með lífsþrúgandi ofnæmi og nálgist

unglingsaldurinn dragi þau sig gjarnan í hlé frá jafnöldrum sínum við ákveðnar aðstæður og upplifi oft kvíða.

„Á þessum aldri verða börnin meðvitaðri og jafningjasamburðurinn fer að skipta meira máli,“ segir Selma. „Við vitum að matur spilar stóran part í okkar félagslega umhverfi. Við förum í matarboð, íþróttafélög og skólar nota mat oft og tíðum sem viðurkenningu fyrir góðan árangur, vinir hittast og baka saman eða elda,“ bætir hún við.

Hún segir mikilvægt að gera greinarmun á fæðuópoli og lífsþrúgandi



Selma Árnadóttir, varaformaður Astma- og ofnæmissamtakanna

fæðuofnæmi. Bæði geti verið alvarlegt, en einungis ofnæmið sé lífs-hættulegt. „Það gerir það að verkum að þessi börn geta nánast daglega verið í kvíðavaldandi aðstæðum,“ segir Selma og tekur dæmi.

Hér á landi segir Selma að jafnaði færri dauðsföll af völdum matarofnæmis en víða annars staðar, ástæðan sé mikil nálægð við sjúkrahús.

„Mörg þeirra hafa upplifað það að fara í ofnæmislost og lent á spítala, ofnæmisvaldar eru eins og eitur fyrir líkama þeirra. Þau þurfa að vera sérstaklega extra sterk, en við vitum að við breytum ekki umhverfinu svo það er mikilvægt að börnin og ungmenni vinni í sér og við hjá Astma – og ofnæmissamtökunum ætlum að hjálpa til með það,“ segir Selma. ■



blómaval

# FYRIR ÞIG

## Valentínusarhelgi



Skannaðu  
QR kóðann

Valentínusarvöndur

**5.990** kr

Með konfekthjarta og ilmvatns-  
prufu á meðan birgðir endast

Frí heimsending  
á höfuðborgarsvæðinu  
ef pantað er fyrir kl. 14 á sunnudag.



### Túlípanatilboð



**40%**


Túlípanar  
10 stk.  
10000088

**1.490** kr  
~~2.490~~ kr



Pottaplöntur

**25-50%**  
afsláttur



Ótrúlegt úrval  
af fallegum  
blómvöndum

# Ásakanir



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb  
@frettabladid.is

Það segir ansi margt um ríkjandi viðhorf í þjóðfélaginu að hver sá sem minnr á að menn séu saklausir uns sekt þeirra er sönnuð uppsker hörd andmæli og þarf jafnvel að þola árásir. Honum eru samstundis gerðar upp illar hvatir og hann er sakaður um gerenda-meðvirkni.

Þegar hin góða regla um sakleysi þar til annað sannast er farin að víkja tekur önnur regla völdin, sú að ásökun jafngildi sekt. Það er vissulega fljótlegt og skilvirkt að starfa samkvæmt því lögmáli, en það á ekkert erindi í samfélag síðaðra manna. Ef þessi regla á að ríkja þá er um leið gengið út frá því að enginn beri nokkurn tíma rangar sakir á annan, sem er vitaskuld fjarstæða. Dæmi finnast um slíkt og þó þau séu kannski ekki gríðarlega mörg, þá eru þau of mörg meðan einhverjum saklausum er refsað eða þarf að þjást að ósekju. Réttur hins saklausa má aldrei gleymast.

Um þjóðfélagið hefur undanfarið gengið refsibylgja sem beinist gegn þeim sem sakaðir hafa verið um ýmiss konar ósæmilegt athæfi. Þótt mál þeirra hafi ekki ratað til dómstóla þá fyrirfinnst annar dómstóll, dómstóll götunnar, sem í nær öllum tilfellum dæmir af miskunnarleysi og sviptir menn ærunni eins og ekkert sé, og það án þess að vita ýkja mikið um staðreyndir í viðkomandi málum. Öllu er hrúgað saman þannig að dónaskapur og ruddaskapur lendir í sama flokki og alvarleg ofbeldismál. Ruddinn er nánast talinn jafnsækur og ofbeldismaðurinn – sem er gjörsamlega galið. Engu skiptir síðan hvort þeir sem ásakaðir hafa verið segjast vera saklausir. Þeir eru flokkaðir sem blygðunarlausir lygarar.

Svona gerast hlutirnir þegar mál fara ekki í réttan farveg heldur er skellt á netið. Fjölmiðlamenn gleypa síðan græðgislega við brotakenndum frásögnum í þeirri von að vera með stórfrétt í höndunum.

Nú er komið fram nýtt afbrigði í ásökunarstefnunni sem felst í því að bera fram ásakanir án þess að nefna nafn viðkomandi. Gefnar eru nokkrar vísbendingar sem eru samt ekki svo afgerandi að hægt sé að benda af vissu á einn einstakling, heldur liggja nokkrir undir grun. Þeir þurfa síðan annað hvort að bera af sér sakir opinberlega eða láta eins og þeir viti ekki af því að þeir séu í hópi grunaðra. Þetta er ekki staða sem setja á nokkurn mann í.

Við lifum í samfélagi þar sem farið er að líta á dómhörku sem sjálfsagða og eðlilega. Ekki beinlínis geðslegt samfélag. ■



Réttur hins saklausa má aldrei gleymast.

## Halldór



## Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is  
toti@frettabladid.is

### Ekki meir, Geir

Hún ætlar að reynast þralát, þráhyggja Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um að þingheimur biðji Geir H. Haarde afsökunar á kærinni til Landsdóms sem lauk með dómi fyrir stjórnarskrárbrot. Geir fékk að vísu smjörsteiktan smokkfisk í Washington í sára-bætur í stjórnartíð Sigmundar sem hann hefur alfarið þurft að reida sig á varðandi afsökunarbeiðni þingsins eftir sneypuför til Strassborgar. Sigmundur hefur lagt fram tillögu þess efnis árlega frá 2017, en nú vekur athygli að enginn úr þingliði Sjálfstæðisflokks stendur að tillögunni þannig að eftir stendur aðeins þingflokkur Miðflokksins: Sigmundur og Bergþór Ólason.

### Kveðjukossinn

Nýsýknuð í meiyrdamali Reynis Traustasonar, lék Arnþrúður Karlsdóttir á als oddi í síðdegispætti sínum á Útvarpi Sögu á miðvikudag, þar sem hún hafði Emmanuel Macron Frakklandsforseta að skotspæni í spjalli við Moskvubúann Hauk Hauksson um Úkraínudeiluna. Tæpast mun það kosta hana málsókn að hafa í lok þáttar sent Macron kveðju frá Pútín og Útvarpi Sögu með laginu Títel, þar sem söngkonan Megan Trainor syngur til einhvers sem má hennar vegna kyssa hana bless á rassinn, og fór þar forgörðum dauðafæri til að kasta kveðju á Reyni frekar en Macron. ■

## Velkomin í framtíðina, velkomin í Garðabæ



Aslaug Hulda Jónsdóttir  
formaður bæjar-ráðs Garðabæjar

Hvaða máli skiptir stafræn umbreyting fyrir okkur? Með stafrænni umbreytingu geta sveitarfélög aukid við þjónustu, gert hana skilvirkari og betri. Stafrænar lausnir minnka flækjustig, samskipti verða liprari og umhverfi notandans verður aðgengilegra. Notandinn fær hraðari afgreiðslu, betra og auðveldara aðgengi að gögnum, betri yfirsýn og meira gagnsæi.

### Fjárhagslegur ávinningur

Fjárhagslegur ávinningur er líka töluverður, með fjárfestingu í stafrænni þróun förum við betur með fjármuni. Við nýtum líka tíma starfsfólks betur og í virðismeiri verkefni, fólk sinnir þá fólki í stað bak- og pappirsvinnslu. Tökum dæmi. Sveitarfélögin vinna nú að því að innleiða stafrænt aðgengi að fjárhagsaðstoð. Í dag fara 28.300 klukkustundir á ári í vinnslu og afgreiðslu umsókna. Áætlað er að í nýju stafrænu kerfi verði þetta 14.150 klukkustundir. Fjárfesting í stafrænum lausnum er fjárfesting í innviðum. Fjárfesting til framtíðar.

Velferðartækni er hluti af stafrænni þróun og þar eru fjölmörg tækifæri til að gera miklu betur. Ávinningurinn er hagkvæmni, minni soun á tíma og mannafla og umfram allt, aukin lífsgæði og sjálfstæði notenda.

### Notandinn í forgrunni

Atvinnulífið er á fullri ferð í stafrænni þróun enda vill enginn sitja eftir. Það sama á við um sveitarfélögin. Mikil vinna er í gangi hjá þeim og sameiginlega er unnið að mörgum og spennandi verkefnum, enda er hagræðing í því. Við eigum að halda áfram og þróa stafrænar lausnir út frá þörfum notandans í samstarfi við hugbúnaðarfyrirtæki á frjálsum markaði.

Yngra fólk nýtir þjónustu öðruvísi en við sem eldri erum og þar eru stafrænar lausnir hluti af daglegu lífi. Við getum gert svo margt með smelli í símanum! Sveitarfélög verða að laga sig að raunveruleika allra bæjarbúa. Bætum þjónustu og einföldum líf notandans.

Stafræn vegferð Garðabæjar er hafin. ■



Fjárfesting í stafrænum lausnum er fjárfesting í innviðum. Fjárfesting til framtíðar.

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

**NÝFORM**

H Ú S G A G N A V E R S L U N

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



# Verbúðin

## Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Þetta er svona:

Eftir hundruð ára af samfelldri vosbúð, blautum ullarsokkum, tíðindaleysi, tannleysi, handritaáti, seinkun vorskipa, seinkun haustskipa, draugagangi og óútskýrdum ópum í fjarska, í hvínandi vindi á afskekktum heiðum, rak vaxandi velmegun og vaxandi neyslu á Íslandsstrendur um og upp úr síðara stríði. Fólk flutti á mölina. Borgarmeningin varð til. Munaður varð til. Sjónvarpið byrjaði. Fólk byggði sér hús og húsin voru hlý, björt, héldu vindi og í þeim var pláss. Fólk fékk alls konar vinnu. Hlaut alls konar menntun. Fólk eignaðist herbergi með eigin glugga, rúmi, stól og hurð. Og fólk eignaðist fé.

Ein fyrsta hugsun þorra fólks í þessum nýju aðstæðum vaxandi auðlegðar, tíma, frelsis og möguleika, eftir aldir af leiðindum, var auðvitað einföld, skýr og augljós: Nú dettum við hressilega í það. Kósígallar voru keyptir í útlöndum. Romm í kók, vodka í engifer, bjórlíki í glerlíki og aðrar guðaveigar flæddu inn um varir Íslendinga, sem tjúttuðu eins og fólk sem á það skilið, á nýteppalögðum stofugólfum með dökkbrúnum viðarhúsgögnum. Blár sigarettureykur fyllti öll vit og öll rými, á skrifstofum, skólum, flugvélum og bílum.

Þegar ég hugsa um bernsku mína og mótnarár – þennan tíma sem ég nýt þess núna að upplifa í Verbúðinni – finnst mér ég finna lyktina af stemningunni: af reyknunum, af klístruðum vínblettum á stofuborði, af partíunum, af þynnunni. Mér finnst eins og það séu engar ýkjur, þegar ég horfi til baka, að á uppvaxtarárum mínum hafi í minnst öðru hverju húsi búið fólk sem var oft og íðulega mjög fullt á daginn. Í gegnum Verbúðina sjáum við þetta mikilvæga mótnarskeið þjóðarinnar – niunda og tíunda áratuginn – í fersku ljósi. Ég tilheyrir



x-kynslóðinni, afkvæmum eftirstríðskynslóðarinnar. Við ólumst upp við bjartsýnina, gassaganginn, óraunsæið, vitleysuna, framtakssemína, vonina, lífið, gleðina, ómótuðu plönin, fyrstu sólarlandafærðirnar, sóda-streamið, fótanuddtækin og Hemma Gunn og við höldum flest, held ég, að við ættum líka að vera svona hress. Svona rosalega glöð út af betri lífskjörum, yfir bættum hag og öllu áfenginu og þess vegna voru mennta- og háskólaárin mín eitt samfellt djamm, þar sem keppt var að því að sem flestir væru sem mest fullir í sem lengstan tíma. Tequila flæddi á Tunglinu þangað til það brann, og Galianó Hot Shot á Café Óperu þar til hún brann. Við klifruðum sífellt yfir vegginn á Hressó og á enni mínu er ör eftir rosalegt stuðkvöld á Kaffibarnum. Rogast var með þungstrekta plastpoka úr ÁTVR í slabbi í partí um hverja helgi. Í tvítugsafmælinu mínu drapst um helmingur eftir ofdrykkju bolla sem var blönduð með landa af vini mínum sem var með kvef.

Svona var þetta og maður hugsar

núna bæði í einu: Mikið var þetta gaman. Og hins vegar: Svakalega var þetta mikið rugl.

Enda kom bindindismaðurinn Cliff Barnes úr Dallas á skerið og sagði frá því að hægt væri að fara í svokallaða áfengismeðferð. Það tók þjóðina áratugi að meðtaka þann boðskap almennilega.

Og nú er öldin önnur. Eftirstríðskynslóðin er komin á efri ár og margir sem henni tilheyra hafa gert sínar eigin uppgötvanir um nauðsyn meira jafnvægis og heilsusamlegri lífsstíls. Tappinn er víða kominn í flöskuna, fólk stundar útivist og lítur vel út – ef það lifir enn á annað borð. Reykingar heyra sögunni til. X-kynslóðin hefur líka smám saman uppgötvað að fylleriin eru ekki endilega málið. Lífið er stærra. Og nú vex úr grasi ný kynslóð sem spilar saman og horfir á kvikmyndir um helgar, og nennir engan veginn að detta í það. Ísland er orðið meira edru.

Svo uppgötvar maður líka, við áhorf Verbúðar, að fyllerið snerist ekki einungis um neyslu hugbreytandi efna. Fyllerið átti

sér líka aðrar birtingarmyndir, í ákvörðunum sem teknar voru og framkvæmdum sem ráðist var í. Um ákvarðanir í tengslum við kvótakerfið er fjallað í þáttunum, hvernig óheyrilegur auður varð til og safnaðist á fárra hendur í öllu þessu ég-á-það-skilið umhverfi, sem síðar þróaðist yfir í ég-á-þetta-ég-má-þetta andrúmsloftið, sem þandist út í fjársukksbombu sem svo sprakk með ægilegum látum og gríðarlegri þynnku. Á öðrum sviðum sjáum við fyllerið líka. Borgin þandist stjórnlaut út svo núna þarf að þetta hana. Og loftslagsváin er afsprengi neyslusukks. Orkuskortur, sem nú greinir frá í fréttum, minnr okkur á orkufyllerið. Byggð voru þrjú álver, undir þeim formerkjum að hér væri allt vaðandi í orku, líkt og víni. Það reyndist auðvitað ekki rétt. Cliff Barnes hefði getað sagt okkur það líka.

Svona getur vel heppnaður sjónvarpsþáttur fengið mann til að hugsa um sögu heillar þjóðar og hugleiða rætur samtímans. Ég verð að segja það. ■

”  
Við klifruðum sífellt yfir vegginn á Hressó og á enni mínu er ör eftir rosalegt stuðkvöld á Kaffibarnum.

## Lengjum metrann



Hallgrímur Axelsson verkfræðingur

”  
Ef við brjótum regluna og lengjum meterinn um 10%, mundi ekki allt verða betra?

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra vill taka húsnaðisliðinn úr vísitölu neysluverðs. Vísitala neysluverðs er mælieining, skilgreind til að meta breytingar á útgjöldum Íslendinga að meðaltali.

Nú er það svo að mönnum lærdist snemma að ekki mætti krukka í staðlaðar mælieiningar, því þá var hægt að svindla á fólki. Einokunarkaupmenn gátu svindlað við vigtnu á möðkuðu mjöli, með því að sverfa hluta þyngdarinnar af reislublóðinu.

Menn smíðuðu sextant til að mæla sólarhæð í gráðum. Hringurinn er 360 gráður og hver gráða 60 mínútur. Vegalengd á sjó var skilgreind á þann veg að ef sólarhæð á hádegi minnkaði um eina mínútu á einum sólarhring, þá var staðsetningin einni sjómílu sunnar en degi fyrr.

Þjóðverjar voru og eru nákvæmir og þar áttu bakarar að hafa brauðhleifinn af staðlaðri stærð. Þess vegna voru smíðir fengnir til að smíða úr tré staðalbrauð svo kaupendur gætu borð brauð bakarans saman við. Í hverjum bæ þurfti eitt staðalbrauð svo margir smíðir tóku að sér smíðina, en þar með var

hætta á að einhver trébrauðanna væru ekki af réttri stærð. Þaðan kemur máltækið að hengja bakara fyrir smíð.

Vegalengd var og er mæld á ýmsan veg annan en í sjómílum, samanber vísuna sem skilgreinir fjarlægðina frá Þorlákshöfn vestur í Selvog.

*Frá Þorlákshöfn og út í vog er svo mældur vegur átján þúsund áratog áttatíu og fjögur.*

Í París geymdu menn sem dýrgrip hinn eina og sanna einn metra gerðan úr eðalvíði. Ef átti að framleidda tommustokk sem bæði sýnir tommur og sentimetra, þurfti konungsleyfi til að staðfesta lengdina með samanburði. Síðar hefur skilgreining á einum metra verið gerð vísindalegr.

Ef við brjótum regluna og lengjum metrann um 10%, mundi ekki allt verða betra? Ókuleiðin milli Reykjavíkur til Akureyrar er fyrir þá breytingu 387 km en mundi stytst í um 350 km. Augljóst hagræði? Ég held að Sigurður Ingi verði að finna raunhæfari leið til að sigrast á verðbólguhraugnum. ■



Ingibjörg Rannveig Guðlaugsdóttir 82 ára í stjórn Vöruhúss tækifæranna

### Draumar mínir rættust!

Ég menntaði mig, tók meistaraþráðu 49 ára og 70 ára. Byrjaði í karate 60 ára, var fyrsti formaður og frumkvöðull að stofnun U3A Reykjavík 72 ára og hef tekið þátt í þremur alþjóðleum verkefnum síðan.

Tilgangur Vöruhúss tækifæranna er að auðvelda fólki á þriðja æviskeiðinu að gera breytingar á lífi sínu og láta óskir sína rætast. Vöruhúsið er spennandi nýjung sem svara kalli sífellt stækkandi hóps fólks sem komið yfir miðjan aldur og vill feta nýjar slóðir í lífinu á einn eða anna hátt.


Líttu inn í voruhus-tækifaeranna.is



Stjórnarráð Íslands  
Félagsmálaráðuneytið

# VIÐ ERUM

## BÍLALAND OG HYUNDAI N



### Bíland

Bíland sérhæfir sig í notuðum bílum sem BL hefur umboð fyrir. Þetta eru bílar sem við þekkjum vel og eru allir BL-bílar yfirfarnir og ástandsskoðaðir til að tryggja sem best að þeir séu í toppstandi. Traust og áreiðanleiki eru einkunnarorð okkar og eftir þeim störfum við alla daga.

Við hlökkum til að sjá þig á nýja staðnum á K7, niðri við Hesthálshinn!


OPNUNARTÍMI:  
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18,  
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bíland notaðir bílar  
Krókhálsi 7 - 110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**bilaland**

# FLUTT Á K7

## NOTAÐIR - Á STÆRRA PLANI



### Hyundai notaðir bílar

Nú getur þú skoðað toppointök af notuðum Hyundai á sérhönnuðu sýningarplani. Hyundai eru annálaðir fyrir góða endingu, bílarnir eru með eina þá lægstu bilanatíðni sem um getur á undanförunum árum og er ábyrgð framleiðanda ein sú víðtækasta og lengsta á markaðnum.

Komdu í kaffi og kíktu á úrvalið af notuðum Hyundai!

OPNUNARTÍMI:  
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18,  
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Hyundai notaðir bílar  
Krókhálsi 7 - 110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is



**HYUNDAI**  
NOTAÐIR

## Merkisatburðir

- 1794** Fundir öldungadeildar Bandaríkjaþings opnaðir fyrir almenningi.
- 1814** Noregur lýsir yfir sjálfstæði og slítur samstarfi við Danmörku.
- 1823** 110 drengir farast í troðningi í hátíðarhöldum á Möltu.
- 1938** Breska ríkissjónvarpið BBC sýnir þátt byggðan á R.U.R., vísindaskáldsögu Karel Capek. Hugtakið vélmenni (e. robot) kemur fyrir í þáttunum í fyrsta sinn.
- 1943** Dwight D. Eisenhower tekur við sem æðsti stjórnandi herja bandamanna í Evrópu.
- 1961** Réttarhöld yfir Adolf Eichmann hefjast í Jerúsalem.
- 1970** John Lennon greiðir 1.344 punda sekt fyrir hóp fólks sem mótmælir því að suður-afrikska ruðningsliðið fái að leika í Skotlandi.
- 1973** Kvikmyndin Brekkukotsannáll er frumsýnd í Ríkissjónvarpinu.
- 1975** Margaret Thatcher er kjörin formaður Breska íhaldsflokksins.
- 1977** 20,2 kílóa þungur humar veiðist við Nova Scotia.
- 1980** Metafli loðnu veiðist á einum sólarhring á Íslandi: 23.180 lestir.
- 2008** Turninn, **Smáratorgi** í Kópavogi er opnaður.



Svinin sem við þekkjum í dag eru ansi ólík þeim sem þekktust hér á landi áður fyrr.

FRÉTTAHLAÐIÐ/  
AÐUNN

## Húsdýrin og skógarnir

Á morgun, laugardag, býðst gestum Landnámssýningarinnar að taka þátt í skemmtilegri fjölskyldusmiðju, þar sem hægt verður að útbúa hús fyrir húsdýrin í anda landnemanna.

arnartomas@frettabladid.is



Á Landnámssýningunni er nóg hægt að grúska.

Fjölskylduhelgar eru viðburðaröð á vegum Borgarsögusafns þar sem boðið er upp á fjölbreytta dagskrá fyrir fjölskyldur á vetrarmánuðunum. Næsta laugardag stendur Landnámssýningin fyrir skapandi smiðjunni Hús fyrir húsdýrin, þar sem börn munu fá tækifæri til að fræðast um og útbúa sín eigin hús fyrir húsdýrin, rétt eins og heitið gefur til kynna.

„Fólkið sem byggði þennan skála sem er til sýnis á Landnámssýningunni var bændur og bændur á þessum tíma voru ansi háðir því að hafa húsdýr,“ segir Jón Páll Björnsson, sagnfræðingur og verkefnastjóri sýningarinnar, sem leiðir samveruna um helgina. „Húsdýr eru kölluð það því þau voru ekki villt heldur voru þau geymd á húsum.“

Jón Páll segir að í smiðjunni verði annars vegar fönnduð og lituð húsdýr, en svo fái börnin einnig að búa til sín eigin hús fyrir dýrin í fullri stærð. „Börnin sjálf fá að leika húsdýrin og svo erum við með ógrynni af tónum pappakössum sem má nýta eins og stóra Legó-kubba svo krakkarnir geta smíðað af hjartans vild,“ segir hann. „Þau geta ráðað þessu upp eins og þau vilja, hvort sem það verða fjárhús, fjós eða hvað eina.“

Þá bætir Jón Páll við að gestum verði að sjálfsgöngu frjálst að skoða sýninguna þar sem margt athyglisvert er að finna. „Fyrir utan þetta er líka í boði fyrir fjölskyldur að skoða ýmislega víkinga- og landnámstengda leiki, svo það er nóg hægt að bardúsa þarna.“

**Svinin hurfu með skóginum**  
En hvaða dýr komu eiginlega með land-

”

**Svín borða ekki gras en þau borða rætur og alls konar neðanjarðargóðgæti, svo þeim var beitt á skóga. Þegar íslenski skógurinn hvarf hurfu þess vegna svinin líka.**



Jón Páll Björnsson, sagnfræðingur og verkefnastjóri sýningarinnar

nemum og hver þeirra hafa fylgt okkur skemur?

„Þau dýr sem hafa fylgt okkur skemur eru einna helst fuglar, eins og kalkúnar og endur. Sá búskapur er nýrri af nálinni,“ segir Jón Páll. „Upprunalegu húsdýrin sem komu hingað með landnemum og á miðöldum voru kýr, kindur, hestar, hænur, hundar, kettir, og svo voru þeir líka með svín. Sú svínarækt lagðist reyndar af, en eftir liggja alls konar

örnefni tengd þeim á borð við Svinadal, Svinavatn og svo framvegis.“

Svinin sem voru hér á Íslandi á landnámsöld voru þó ansi ólík þeim sem við þekkjum í dag.

„Þau voru miklu minni og líka loðin og minntu svolítið á villisvín,“ segir Jón Páll og bætir við að svinunum hafi verið beitt. „Þau voru auðvitað inni á veturna, en á sumrin var þeim sleppt út eins og sauðfénu og sáu svolítið um sig sjálf. Svín borða ekki gras en þau borða rætur og alls konar neðanjarðargóðgæti, svo þeim var beitt á skóga. Þegar íslenski skógurinn hvarf hurfu þess vegna svinin líka.“

Í síðari tíð varð algengt að húsdýrin væru höfð í húsum Íslendinga til að hita þau upp að vetri til, en Jón Páll segir að ekki hafi verið þörf á því áður en skógararnir hurfu.

„Á landnámsöld var skógur á Íslandi og nóg af trjám svo fólk gat kynt hús sín með þeim,“ segir hann og bætir við að í þeim rústum sem finnast á Íslandi finnast idulega eldstæði með klassiska víkingalangelndinum. „Dýrin voru þá geymd í sérhúsum. Síðar meir þegar eldsneytið var á þrotum fór fólk svo að finna aðrar aðferðir til að hita hús sín og fór þá að nota skepnurnar í það.“

Smiðjan verður opin á milli klukkan 13 og 16 á morgun, laugardag. Ekki er nauðsynlegt að skrá sig, en Jón Páll segir að ef byrjar að fyllast sé æskilegt að fólk skoði sýninguna aðeins, svo hægt sé að halda dagskránni gangandi. ■



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Guðbjörg Gísladóttir**

lést fimmtudaginn 3. febrúar á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju þann 16. febrúar kl. 15.00.

Jarðarförinni verður streymt á: [youtu.be/XaatXt1B0dI](https://youtu.be/XaatXt1B0dI)  
Einnig er hægt að nálgast streymið á [mbl.is/andlat](https://mbl.is/andlat)

**Hulda Björg Ásgeirsdóttir**  
**Anna Karen Ásgeirsdóttir**  
**Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir**  
**Ruth Ásgeirsdóttir**

**Jón Steinar Jónsson**  
**Björn Þór Jónsson**

barnabörn og barnabarnabörn.



⚓

Okkar yndislegi  
**Jóhann Halldórsson**

Hraunbæ 116, Reykjavík,  
lést á líknaardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 6. febrúar. Útför fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 14. febrúar kl. 15.

Streymt verður frá útförinni á [streyma.is](https://streyma.is)

**Guðrún Siguróladóttir**  
**Andri Már Hermannsson**  
**Kristrún Jóhannsdóttir**  
**Pálmi Rúnar Jóhannsson**

**Bryndís Rós Arnardóttir**  
**Þorbjörn Jóhannsson**

barnabörn og systkini hins látna.



✝

Okkar yndislegi faðir, tengdafaðir, afi og hjartkær vinur,  
**Pálmi Lárusson**

verkfræðingur,  
lést föstudaginn 4. febrúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni 15. febrúar kl. 15.

Öll eru hjartanlega velkomin en streymi verður einnig aðgengilegt á [www.mbl.is/andlat](https://www.mbl.is/andlat)

**Vilmundur Pálmason**  
**Guðrún Lára Pálmadóttir**  
**Elsa Barðdal Vilmundardóttir**  
**Ásrún Ösp Vilmundardóttir**  
**Arnþór Viðir Vilmundarson**

**Lilja Björk Pálsdóttir**  
**Trausti Gunnarsson**  
**Eypör Ingólfsson Melsteð**  
**Ragnhildur Ísaksdóttir**

**Þetta gerðist:** 11. febrúar 1990

## Nelson Mandela sleppt úr fangelsi

Það var þann 11. febrúar 1990 sem Nelson Mandela var sleppt úr fangelsi eftir 27 ára vist. Hann hafði verið leiðandi í baráttu gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku og var dæmdur ábyrgur fyrir ýmis afbrot innan hreyfingarinnar.

Mandela eyddi meirihluta vistarinnar á Robben-eyju þar sem hann var látinn dúsa í litlum fangaklefa og illa var komið fram við hann. Hann var síðar færður um set eftir að hann greindist með berkla.

Eftir að Mandela var sleppt úr haldi fór hann fyrir Afríska þjóðarráðinu í samningaviðræðum fyrir lýðræðislegar kosningar. Þær fóru fram hinn 27. apríl 1994 og varð Mandela fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Suður-Afríku.

Hin síðari ár beitti Mandela sér fyrir ýmsum mállefnum, meðal annars fyrir baráttunni gegn alnæmi. Á árunum 2003 til 2008 fóru fram styrktartónleikar gegn alnæmi undir heitinu „46664“, fanganúmeri Mandela frá vist hans. ■





FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

FÖSTUDAGUR 11. febrúar 2022

**TARAMAR**  
KYNGIMAGNAÐAR HÚDVÖRUR  
ÚR NÁTTURU ÍSLANDS

Frítt Serum  
með hverju  
Dagkremi

Hagkaup,  
Íslandsapótek,  
Lyfjaver,  
[tamarar.is](http://tamarar.is).

POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS

## HEILBRIGÐ MELTING

Góðgerlar,  
meltingarensim,  
jurtir og trefjar


[www.celsus.is](http://www.celsus.is) / apótek, Hagkaup og víðar


Hlynur Skúli Skúlason segist vera jaðarsportnörðinn í Sportís-fjölskyldunni og því sé Kuldi hans deild.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Leikum okkur í kuldánunum

Kuldi er ein glæsilegasta fjallahjóra- og vetrarsportverslun landsins og var opnuð þann 17. apríl 2020. „Kuldi er sérdeild innan Sportís-verslunarinnar þar sem fókusinn er á snjóbretti, fjallahjól, splitbretti, fatnað og fylgihluti,“ segir Hlynur, verslunarstjóri Kulda hjá Sportís. **2**





# Madshus gönguskíðin þín fást í GG Sport!

**20%**  
afsláttur af  
gönguskíða-  
pökkum!

**GG**  **SPORT**

**Stingum af ...**

Fæst einnig í:

**Ellingsen  
Granda**

**Ísfell verslun  
Húsavík**

**Útisport  
Akureyri**

 @ggsport.is  @gg\_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, laugardagur 11-18



Við bestu aðstæður er brugðið á leik. Hér er þrjónað á hjarni.

## Í upphafi skyldi endinn skoða

Þegar rætt er um íþróttaiðkun að vetrarlagi koma skíðaiðkun, vélsleðaferðir og jafnvel skotveiðar upp í hugann. Ýmislegt, sem fólk tengir frekar sumri og sól, hentar hins vegar vel í veturinn. Vetrarhjólreiðar hafa til dæmis færst mjög í vöxt.

olafur@frettabladid.is

Jóhann Niels Baldursson er tæplega fertugur Akureyringur. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskól-

anum í Reykjavík og bjó fyrir sunnan í mörg ár. Fyrir þremur og hálfu ári flutti hann ásamt eigin konu sinni, Hildi Jönu Júlíusdóttur, og þremur sonum þeirra, tveggja, sex og níu ára, aftur á heimaslóðir.

Jóhann Niels á og rekur fyrir-tækið Karm, glugga og hurðir ehf. ásamt Eyþóri Sigurólasi. Þeir eru báðir á fullu í hjólreiðum og saman í hjólahópi sem hjólar saman á hverju mánudagskvöldi, allan ársins hring, hvernig sem viðrar.

„Ég hjólaði alltaf mikið sem krakki og unglingur, en tók pásu



Jóhann Niels Baldursson er í hjólahópi sem hjólar saman á hverju mánudagskvöldi allan ársins hring, hvernig sem viðrar.

MYND/ADSEND

Akureyri hve er stutt í góðar fjallahjólaleiðir og segir hópin vera mikið á svæðinu fyrir ofan og inni í Kjarnaskógi, Hlíðarfjalli, Fálkafelli og þar fram eftir götunum.

*En hvað er svona gott við hjólreiðar um hávetur?*

„Í raun alveg það sama og hjólreiðar að sumri til. Útivistin, í bland við smá adrenalin, er klassa blanda. Svo er reyndar mun þægilegra að detta af hjólinu á veturna.

Svo opnast allar leiðir fyrir hjólin ef það myndast gott hjarn. Þá er hægt að komast á staði sem eru jafnvel ófærir á sumrin,“ segir Jóhann.

*Hvernig útbúnað þarf svo í hjólreiðar að vetri til í snjó, drullu og hálfu?*

„Í raun þarftu bara hjólið sem þú átt, góð nagladekk, ljós og hlífðar-föt eftir veðri. Þá ertu klár í þessar hefðbundnu samgönguhjólreiðar og ruddar leiðir. Það er ekki fyrr en þú ert farinn að fara utan alfaraleiða sem búnaðurinn þarf að vera sérhæfðari,“ segir Jóhann. „Við erum allir á breiðhjólum með vel negld dekk, til að fá meira flot og grip í snjó. Einnig erum við yfirleitt á ferðinni í myrkrri og í misgöðu skyggni, þannig að við erum allir með mjög öflug hjóla ljós.“

**Hafa skynsemi og síma með**

*Er ekki mikilvægt að undirbúa vel hjólaferðir við misjafnar aðstæður?*

„Ja, er ekki alltaf sagt að í upphafi skyldi endinn skoða? Okkur í hópnum finnst mjög mikilvægt að enda á að fá okkur 1-2 bjóra í lok hjólreiðatúrs og fara yfir hetjusögurnar og stærstu bylturnar. Okkar undirbúningur snýr því yfirleitt að því hvar við ætlum að enda í bjór.

Vissulega er til bóta að skoða aðeins veður síðustu daga og ákveða leiðarval eftir því hvar bestu aðstæðurnar eru líklegastar. Svo er sjálfu sér er allt í góðu lagi að vera einn á ferð í styttri dagtúrum. Bara að láta einhvern vita hvert þú ert að fara og taka símann og skynsemina með. Þetta er bara miklu skemmtilegra með öðrum þannig að ég er ekki mikið að fara einn.“

Jóhann segir mörg skemmtileg atvik hafa orðið í hjólatúrum hópsins og oft sé skemmtilegast þegar allt gangi á afturfótunum.

**Gerist alltaf eitthvað misgáfulegt**

„Einu sinni ákváðum við að fara upp í Hlíðarfjall í afleitri spá. Það var hvasst og mikil úrkoma svo við ætluðum að nýta okkur skíðabrautirnar í smá brun. Í ljós kom að það hafði snjóað töluvert meira en við gerðum ráð fyrir og langt síðan brautir voru troðnar, þannig að við þurftum að halda á hjólinum, vaðandi snjó upp í klof, alla leið upp í Strýtuskála. Þegar þangað var komið reyndum við hjóla niður en snjórinn var allt of djúpur. Við enduðum því með að halda á hjólinum niður aftur. Afleitur hjólatúr en við höfum sennilega sjaldan hlegið meira að okkur sjálfum.

Þessi hópur samanstendur einfaldlega af ofvöxnum börnum þannig að það gerist alltaf eitthvað misgáfulegt og það er eitt af því sem gerir þetta svo skemmtilegt,“ segir Jóhann Niels Baldursson að lokum, kankvís á svip. ■

um það bil um það leyti sem ég fór í framhaldsskóla. Ætli bílprófið hafi ekki spilað eitthvað inn í þar. Svo dró æskufélagi minn, Bergur Benediktsson, mig aftur á fjallahjól í kringum 2010. Árið 2014 fór ég svo að vinna hjá Lauf og þar kynntist ég fyrst breiðhjólunum (e. Fat bike). Það var þá sem ég fór að hjóla daglega til og frá vinnu.

**Ýmist á fjöllum eða í bænum**

*En hvernig kom það til að Jóhann fór að stunda hjólreiðar að vetrarlagi?*

„Fljótlega eftir að ég flutti aftur til Akureyrar vorum við orðnir 4-5 félagarnir sem áttum breiðhjól. Við ákváðum þá að taka frá mánudagskvöld og skella okkur út að hjóla, sama hvernig viðrar. Þetta var í nóvember 2018 og við höfum varla misst úr mánudag síðan. Það hefur aðeins fjölgað í hópnum og við erum 15 breiðhjólara í dag.

Það sem við gerum aðeins öðruvísi en flestir er að við erum að fara svipaðar leiðir og við förum á sumrin á fjallahjólum, en um hávetur er það á breiðhjólum. Við klöngrumst sem sagt upp fjöll og hóla með hjólin, í þeirri von að geta hjólað niður. Ef það er of djúpur púðursnjór til að hjóla á þessum helstu fjallahjólaleiðum höfum við búið til innanbæjartúra þar sem við þræðum bröttustu brekkur bæjarins, yfirleitt meira á hausnum en hjólinu,“ segir Jóhann brosandí.

Jóhann segir það frábært við



Þegar göslið er í púðursnjó er oft stutt í næstu byltu. Þá er gott að mun þægilegra er að lenda í púðursnjónum en á hjarni eða auðri jörð.

# POC

Skíða- og breittabúnaður



Obex Pure  
kr. 22.990



Retina Big Clarity  
kr. 27.990



Obex BC MIPS  
kr. 40.990



Fovea Clarity Comp  
kr. 35.990



Fornix MIPS  
kr. 29.490



PELTON



# Allt sem þarf fyrir vetraríþróttir á einum stað

Útilíf er með frábært úrval af útvistarfatnaði, skíðum, snjóbreutum og tilheyrandi búnaði frá þekktum merkjum og þar er nú boðið upp á 20% afslátt af skíðaþókkum sem innihalda skíði eða bretti, skó og bindingar og 20-30% afslátt af skíða-fatnaði.

„Útilíf var stofnað árið 1974 og er því fyrir löngu búin að festa sig í sessi og orðið þekkt fyrirtæki í skíðabransanum hér á Íslandi. Við fluttum úr Glæsibæ hingað í Smáralind fyrir nokkrum árum og erum búin að setja upp glæsilega skíða- og útvistardeild, þar sem við bjóðum upp á mjög gott úrval af slíkum vörum,“ segir Gauti Sigurpálsson, vörustjóri skíða- og útvistardeildar Útilífs.

„Sérstaða okkar er mjög gott úrval, góð þjónusta og mikil þekking á vörum sem við erum að selja. Þeir sem starfa í skíðadeild hafa mikla reynslu og þekkingu á öllu sem viðkemur búnaði sem til þarf,“ segir Gauti. „Við erum með skíðaverkstæði til að sinna viðgerðum á skíðum, snjóbreutum og skíðaskóm og fleira. Verkstæðið hefur verið starfrækt frá stofnun Útilífs.“

## Vandaðar vörur frá þekktum merkjum

„Við bjóðum upp á skíði og skíðaskó frá mjög skemmtilegum og þekktum merkjum. Við erum með skíði og skíðaskó frá Rossignol, skíði frá Blizzard og Armada, fjallaskíðaskó frá Tecnica og skíðaskó frá Nordica,“ segir Gauti. „Við erum líka með gott úrval af skíðafötum frá The North Face og Rossignol, en það má segja að það sé eiginlega stærsta merkið okkar í skíðunum. Við bjóðum upp á mikið úrval af búnaði frá Rossignol, sem er eitt besta merki sem völ er á. Nýjung í vöruúrvali hjá Útilífi er gönguskiðafatnaður frá Rossignol.

Við erum með gott úrval af fjallaskíðum og búnaði tengdum fjallaskíðamennsku, til dæmis fjallaskíðabakpoka frá Ortovox, sem eru mjög vinsælir hjá þessum hópi. Síðustu ár höfum við líka lagt áherslu á að bjóða upp á gott úrval af gönguskiðum, bæði brautarskiðum og ferðaskíðum, eða stálkantaskíðum,“ segir Gauti. „Vinsælustu gönguskiðin okkar eru frá Rossignol og það eru svokölluð skinnskiði sem eru vinsæl, ferðaskíðin, eða stálkantagönguskiðin, eru einnig vinsæl. Þau henta fyrir erfiðari ferðir eins og



Örn Hjálmarsson og Gauti Sigurpálsson starfa í skíða- og útvistardeild Útilífs og búa yfir mikilli reynslu og þekkingu á búnaðinum sem er í boði.



Útilíf býður upp á allt sem þarf fyrir snjóbretti, meðal annars brettaskó frá Northwave sem eru mjög vandaðir og góðir.

upp á Vatnajökul. Svo er nýjung sem hefur verið að ryðja sér til rúms sem er svokölluð „hybrid“ skíði, en þau eru blanda af brautar- og stálkantaskíðum. Þau henta fólki til dæmis í bústaðinn eða styttri ferðir.

Við bjóðum líka upp á snjóbretti frá Rossignol og Drake og bretta-skó frá Northwave, sem er mjög vandaður og góður búnaður,“ segir Gauti. „Snjóbrettin eru vinsælli hjá yngri kynslóðinni, en oft byrja krakkarnir á skíðum og fá svo



Útilíf býður upp á útvistarfatnað frá The North Face, sem hentar sérstaklega vel við íslenskar aðstæður.



Um þessar mundir er 20-30% afsláttur af skíðafatnaði í Útilífi.

áhuga á að prófa snjóbretti upp úr 7-8 ára aldri.“

## Frábært fjölskyldusport

„Á síðustu 3-4 árum hefur orðið sprenging í vinsældum skíðaiðkunar og þessar vörur hafa aldrei verið vinsælli. Ástæður þess tel ég vera að fleiri eru að stunda utanvegahlaup og hjólréiðar og þetta fólk fer oft á skíði á veturna, bæði til að fá hreyfingu og afþreyingu,“ segir Gauti. „Þetta tengist líka Landvættunum, þar sem fólk stundar utanvegahlaup, gengur á gönguskiðum, hjólar og syndir. Það er að minnsta kosti alveg augljóst að gönguskiði njóta gríðarlegra vinsælda, við sjáum það bæði á sölunni okkar og því að það eru haldin skíðanámskeið um nánast hverja einustu helgi hér og fyrir norðan og á Ísafirði, sem eru alltaf fullbókuð.

Það hefur líka orðið almenn aukning á útvist hjá Íslendingum, sérstaklega eftir að fólk hætti að geta ferðast jafn mikið til útlanda. Þá fór fólk frekar að heimsækja eigið land. Þetta er góð hreyfing, holl útvist og oft fara vinahópar saman á skíði eða skíðanámskeið,“ segir Gauti. „Skíði eru líka frábært fjölskyldusport, það er voða gaman að fara saman upp í fjall, renna sér nokkrar ferðir og fá sér kakó. Svo er líka hægt að vera á gönguskiðum fram eftir öllum aldri, svo þetta hentar öllum aldursþópum.“

## Afsláttur af búnaði og fatnaði

„Núna er rétti tíminn til að byrja á skíðum eða endurnýja gamlan búnað, því febrúar og mars er yfirleitt aðal tíminn í skíðasportinu, sérstaklega marsmánuður, þegar sólin fer að hækka á lofti,“ segir Gauti. „Fjallaskíðatímabilið tekur svo yfirleitt við aðeins seinna, hápunkturinn er í apríl og maí.

Í tilefni af þessu erum við að bjóða 20% afslátt af skíðaþókkum sem innihalda skíði eða bretti, skó og bindingar og 20-30% afslátt af skíðafatnaði, þannig að nú er tíminn til að koma og kaupa búnað eða fatnað,“ segir Gauti. Við eru með útvistardeild þar sem við bjóðum upp á útvistarfatnað frá The North Face sem hentar sérstaklega vel við íslenskar aðstæður, hvort sem fólk vill fót fyrir fjallaferðir eða bara góðan jakka til að skýla sér fyrir íslenska vetrinum.“ ■

Nánari upplýsingar má finna á [utilif.is](http://utilif.is), í síma 545-1500 og í gegnum netfangið [vefverslun@utilif.is](mailto:vefverslun@utilif.is).

**ALLT FYRIR SKÍÐAFÓLK**

**ÚTILÍF**  
síðan 1974



Skíðaganga er frábær íþrótt fyrir fólk á öllum aldri.

## Miðlar reynslu og þekkingu



Starri Freyr Jónsson starri @frettabladid.is

Gönguskiði bjóða upp á góða úthaldsæfingu, hraða og mikla gleði, segir Óskar Jakobsson sem hefur rennt sér á gönguskiðum frá sjö ára aldri.

Gönguskiði hafa notið óvenju mikilla vinsælda meðal landsmanna undanfarin ár, enda íþrótt sem hæfir ungum sem öldnum og er hægt að stunda víða. Einn þeirra sem þekja gönguskiðin vel er Óskar Jakobsson sem byrjaði sjö ára gamall að renna sér á gönguskiðum á Ísafirði. „Það sem heillar mig mest við að stunda skíðagöngu er þessi frábæra hreyfing úti í náttúrunni. Síðustu ár hefur mest af tíma mínum á skíðum farið í að kenna öðrum og það finnst mér líka skemmtilegt og gefandi. Maður hittir og kynnist svo mikið af nýju fólki í sportinu í dag. Ég fer mjög sjaldan á svíðskiði, þar sem mér leiðast lyftur og raðir. En eins og ég segi við nemendur mína þá fæ ég allt á gönguskiðum sem aðrar skíðaíþróttir bjóða upp á, eins og hraða, góða úthaldsæfingu og mikla gleði.“

Fljótlega eftir að Óskar byrjaði á gönguskiðum var hann mættur á æfingar hjá Skíðafélagi Ísafjarðar. „Ég æfði fram á unglingsár, keppti á öllum mótum sem voru haldin á



Óskar Jakobsson hefur stundað gönguskiðin frá sjö ára aldri. Í dag rekur hann íþróttavöruslunina Sportval í Árbænum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það sem heillar mig mest við að stunda skíðagöngu er þessi frábæra hreyfing úti í náttúrunni.



Hjónin voru ánægð eftir Dolomitenlauf-skíðagönguna í Austurríki.



Hjónin Óskar og Elin Gísladóttir á góðri stundu í snjónum.



Óskar og Auður Ebenezersdóttir hafa haldið byrjendanámskeið í skíðagöngu undanfarin sjö ár.



Það er alltaf fjór á gönguskiðum.

Ísafirði og fór svo á vorin á Andrésarleikana á Akureyri, sem var alltaf hápunktur vetrarins fyrir ungan skíðamann. Á unglingsárunum keppti maður á bikarmótum og á unglingslandsmótum.“

### Leiðbeinir byrjendum

Eftir að hann flutti til Reykjavíkur 18 ára hætti Óskar að keppa á skíðum og einblíndi á þjálfun og félagsstörf í tengslum við íþróttina. „Ég þjálfaði krakka og unglinga í nokkur ár, áður en við Auður Ebenezersdóttir byrjuðum með byrjendanámskeiðin sem við höfum haldið úti núna í sjö ár.“

Mestur tími hans fer því í að leiðbeina öðrum í að taka sín fyrstu skref í íþróttinni. „Það er búið að vera stórkostlegt að fylgjast með fjölguninni í sportinu á undanförunum árum og enn skemmtilegra að hafa fengið að taka þátt í þróuninni. Nú rek ég verslunina Sportval sem selur skíðabúnað. Þar get ég líka gefið af mér og miðlað minni reynslu og þekkingu.“

Auk þess hefur hann stundað hlaup undanfarin ár og segir hann skíðagrunninn koma þar sterkan inn. „Þar hef ég bæði verið virkur sem keppnismaður og síðar sem þjálfari.“

### Leiðsögn nauðsynleg

Fyrir áhugasamt fólk sem vill taka fyrstu skrefin á gönguskiðum, er gott að fá tilsögn bæði með búnað og skíðatæknina, segir Óskar. „Það er því miður allt of algengt að fólk fari í búðir og komi út með búnað sem hentar því ekki. Það eru nokkrir þættir sem þarf að hafa í huga ef þú ætlar að kaupa þér búnað. Ef þér finnst að þjónustan sé ekki viðunandi, farðu þá annað. Það er engin launung að þetta er erfið íþrótt, en með smá tilsögn er hægt að spara orku og sportið verður æ skemmtilegra eftir því sem færnin eykst.“

### Góð aðstaða víða

Besta aðstaðan á suðvesturhorninu er í Bláfjöllum, að sögn Óskars og í raun eina aðstaðan vegna snjóleysis. „Þegar við höfum snjó hér á láglandi þá eru troðnar brautir ansi víða eins og í Heiðmörk, á mörgum golfvöllum, á Þingvöllum og á Laugarvatni svo dæmi séu nefnd. Hvað varðar aðra staði þá kemur að sjálfsögðu fyrst Ísafjörður upp í hugann, þar er gríðarlegur metnaður í gangi og ekki að ástæðulausu sem hann er kallaður Skíðagöngubærinn. Svo er aðstaðan á Akureyri og í Ólafsfirði flott. Einnig má nefna Húsavík sem er að koma sterkt inn með flott skíðasvæði og með nægan snjó fram á vor.“

### Útlönd heilla líka

Fyrir þau sem eru aðeins lengra komin og vilja skella sér á gönguskiði í útlöndum er tilvalið að heimsækja lönd á borð við Noreg, Svíþjóð, Austurríki og Ítalíu, sem Óskar segir mjög spennandi kosti. „Það eru margir sem ferðast á milli landa til að keppa í Worldloppet-göngunum, en það eru keppnir sem haldnar eru úti um allan heim. Fossavatnsgangan á Ísafirði er partur af þessari seríu, Birkebeinergangan í Noregi sem og Vasagangan í Svíþjóð, svo einhverjar séu nefndar. Við hjónin, Elin Gísladóttir og ég, erum búin með sex göngur til þessa og stefnum á að ná að minnsta kosti tíu göngum. Þetta er skemmtileg leið til að sameina ferðalög og áhugamálið.“


Fram undan eru fjórar helgar á Húsavík þar sem hann og Auður verða með kennslu í samstarfi við Íslandshotel. „Auk þess förum við í vikuför til Póllands um miðjan mars. Ég er svo enn að skoða með að fara keppnisferð með Ellu minni til að bæta við sjöundu göngu okkar, ef tími gefst.“ ■

## Leyndarmál hvannarrótar

- Loft í maga? Glímir þú við meltingartruflanir?
- Næturbrótt Erú tíð þvaglát að trufla þig?

**ICEHERBS**  
NATURAL SUPPLEMENTS  
**hvannarrót**  
100% náttúruleg hvannarrót  
60 HYLKI | FÆÐUBÓG | VEENI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun, Hagkaupum og Nettó.



Skíðapakkar við allra hæfi  
**20% afsláttur**



## Bílar & Farartæki



Nú þegar það er 14 mánaða bíð ef pantaður er nýr Ford eigum við þennan til á lager! Nýr 2022 Ford Transit Trend L3H3. Til afhendingar strax! Verð: 5.500.000,- án vsk.

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Þjónusta

### Málarar

#### REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Húsviðhald

#### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**RÚNAR MÚRARI EHF**  
S 774-3800  
HÚSAVIÐGERÐIR  
MÚRVIÐGERÐIR  
STEYPUVIÐGERÐIR  
ENDURHRAUNA  
TRÖPPUVIÐGERÐIR  
MÁLNINGARVINNA  
ÞAKMÁLUN  
FLÍSLAGNIR  
o.m.fl.  
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi  
Tilboð þér að kostnaðarlausu  
https://runarmurari.is/  
runarmurari@gmail.com  
VSK 135377

### Rafvirkjun

#### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

#### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

#### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

### Húsnæði

#### Geymsluhúsnæði

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

#### GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

## FAST

Ráðningar

lind@fastradningar.is  
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is

### Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Akstursiþróttasvæði í Skagafelli, Múlaþingi**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum sákvæmt lögum nr. 111 /2021. Ákvörðunin er aðgengileg á vef stofnunarinnar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is). Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 11. mars 2022.

Finnum draumastarfið saman

## job

Erum við að leita að þér?

# ÚTSÖLULOK Á MORGUN

LENGRI  
OPNUNARTÍMI  
Á LAUGARDAG!  
KL. 11-18



Einnig  
fánleg í  
barnastærðum



icebreaker

**20-50%**  
AFSLÁTTUR



## OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar.  
Eitt mesta úrval landsins!

Klifurbakpokar  
Leiðsögumannabakpokar  
Fjallgöngubakpokar • Dufflar  
Krakkabakpokar  
Fjallaskíðabakpokar  
Hjólábakpokar • Ferðatöskur

**30-50%**  
AFSLÁTTUR



**20-50%**  
AFSLÁTTUR



**30-50%**  
AFSLÁTTUR



PeakPerformance

**20-50%**  
AFSLÁTTUR



**20-50%**  
AFSLÁTTUR



AFSLÁTTARBORÐIN  
VERÐA Á SÍNUM STAÐ!

# GG SPORT




Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg\_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18

## Veðurspá Föstudagur



Breytileg átt 3-8 m/s í dag. Stöku el framan af degi, en síðan þurr og bjart veður um mestallt land. Gengur í norðaustan 5-13 m/s í kvöld. Frost 3 til 12 stig. ■

## Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



## Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 svipur
- 5 upphaf
- 6 rún
- 8 minnisbók
- 10 drap
- 11 nöldur
- 12 vegghamar
- 13 fugl
- 15 vægir
- 17 kíktuð

LÓÐRÉTT

- 1 kíll
- 2 einleikur
- 3 færa
- 4 hjartardýr
- 7 stíll
- 9 strjált
- 12 illmenni
- 14 strit
- 16 tvíhljóði

1	2	3	4	
5			6	7
8			9	
10			11	
		12		
13	14			
15				16
	17			

LÁRÉTT: 1 ásynn, 5 rét, 6 ár, 8 kladdi, 10 vó, 11 rít, 12 berg, 13 spól, 15 luffar, 17 lituð. LÓÐRÉTT: 1 árkvísli, 2 sóli, 3 ýta, 4 dádyr, 7 ritgerð, 9 dreifli, 12 bófi, 14 puli, 16 au.

Taimanov átti leik gegn Kusminych í Leningrad árið 1950.

1. Rg6! Rh7 (1...fxg6 2. Bxe6+ 2. Hxe6! fxe6 3. Dxd8+! Dxd8 4. Bxe6# 1-0. Hjörvar Steinn Grétarsson hefur fullt hús á Skákþingi Reykjavíkur eftir fimm umferðir. Arnar Milutin Heiðarsson er annar með 4½ vinning og Jóhann Jónsson þriðji með 4 vinninga. Hilmir Freyr og Alexander Oliver að tafla í Serbíu.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir. ■

## Sudoku

2				6	1	5		
		1		2	4			3
	6						8	
		6	4					
4	7	2			5			9
	8		9	1		6	4	
		9				7		
8	3			7				
	4				3	8		

4		5			9			7
		8	3		4			5
					8	2		
				2	4			
1							5	9
	4	7					8	
				3			7	2
					1	3		
				8				9

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

# VELDU GÆÐI!

## 3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

**BJÖRNSEBAKARI**  
Sími: 561 1433  
www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00  
Austurströnd 14 • Hringbraut 35

## FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

### Margrét kveður Hússtjórnarskólann

Í vor mun **Margrét Sigfúsdóttir** skólustýra loka dyrunum að Sólvallagötu 12 í hinna sinn. Eftir að hafa stýrt Hússtjórnarskólunum í Reykjavík í nánast kvartöld afhendir hún eftirmanni sínum keflið og er ákveðin í að anda ekki ofan í hálsmál hans.

### Tók á móti amish-börnum

**Kristbjörg Magnúsdóttir** ljósmóðir hefur unnið lengi við heimaþæðingar og er nýkomin frá Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, þar sem hún aðstoðaði við að taka á móti börnum amish-kvenna.

### Frönsk súkkulaðikaka með rómantísku ívafi

Við fengum **Unu Dögg Guðmundsdóttur** til að gefa okkur hugmyndir að rómantískum bakstri, í tilefni þess að senn líður að þessum degi ástarinnar, Valentínusardegi, þann 14. febrúar.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi.

## Pondus

Was? Náðirðu prófinu? Ég fékk prófið! Das Elza er tilbúin fyrir wunderbahn! Autobahn! Og þarftu að keyra með hjálm? Nei, nei, nei, litla schwundboltinn þinn! Ég fékk prófið fyrir létt bifhjóla! Bilar eru fyrir fólk sem mígur undir! Ansi létt bifhjóla, zé égl! Betur þekkt sem vezpa! Details, scwhimtails! Fáum okkur smá freyðivín og rúntum svo smá! Eða kannzki öfugt? Eða öfugt! Ekki viss! Ég var í stökustu vandræðum í bóklega prófinu!

## Gelgjan

ÓMÆGOD! Sjáðu hvolpinn! Mig langar bara að moka honum upp og kyssa út um allt! KYSS! KYSS! KYSS! KYSS! KYSS! Ég trúir ekki að ég hafi látið smáhund rústa mér. (Dæsi!)

## Barnalán

Hvernig lítur dagurinn þinn út? Tja... ..verslunarferð, skutla krökkunum á milli heimsókna, læknisheimsókn hjá Lóu, sækja krakkana... Þú ert ekki mikið heima, verandi heimavinnandi móðir. Ef það væri salerni í bílnum myndi ég bara búa þar.

# Kjarnorkukonur í Borgarleikhúsinu

## LEIKHÚS

## Ein komst undan

Caryl Churchill

Borgarleikhúsið

Leikstjórn: Kristín Jóhannesdóttir

Leikarar: Kristbjörg Kjeld, Margrét Ákadóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Sólveig Arnarsdóttir

Leikmynd og lýsing: Egill Ingibergsson og Móeiður Helgadóttir

Búningar: Stefania Adolfsdóttir

Tónlist: Garðar Borgþórsson

Hljóðmynd: Þorbjörn Steingrímsson

Leikgervi: Guðbjörg Ívardsdóttir

Aðstoðarleikstjóri: Halla Káradóttir

Sigríður Jónsdóttir

Þrjár konur sitja í garði og skrafa, ein bætist við hópinn og fer síðan. Framvinda Ein komst undan eftir Caryl Churchill er ekki flóknari, en leynir svo sannarlega á sér. Töfrarnir liggja nefnilega í samtölunum og því sem er ekki sagt. Eftir töluverðar tafir var sýningin í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur frumsýnd í Borgarleikhúsinu síðastliðinn föstudag.

## VI

heilur heimarnir í vasanum

LENA

svoltið áhyggjufull yfir Kevin og Mary, þau segja aldrei neitt elskulegt við mig

SALLY

en engin veit neitt

MRSJ

ef þú bara vissir hvað gengur á

Loksins! Loksins fá íslenskir áhorfendur að komast í kynni við Caryl Churchill á leiksviðum landsins, eitt besta núlifandi leikskáld Englands, sem hefur alltaf farið síðan eigin leiðir. Einungis eitt verka hennar hefur verið tekið til sýningar í atvinnuleikhúsi hérlendis, en það var Klassapíur, frumsýnt fyrir nærri fjórtíu árum. Texti Churchill er þeim kostum búinn að lifna við í munni leikara, þannig að stundum neistar af. Ein komst undan er um klukkutími að lengd, barmafull af dramatik, húmor og hugmyndum. Samtölin eru ekki orðmörg en eins og sjá má hér að ofan eru þau ávallt innihaldsrík. Við erum stödd í eins konar hliðarheimi þar sem fortíð og framtíð skarast, heimurinn er á vonarvöl og umhverfissvái er yfirþyrmandi. Þýðing Kristínar Eiríksdóttur er ein af hennar bestu: nákvæm, taktvís og bráðfyndin. Stundum þarf nefnilega ljóðskáld til að þýða leiktexta.



Leikkonurnar bjóða til veislu, segir gagnrýnandinn um Ein komst undan.

MYND/ÁSEND

### Kraftur og listræn orka

Í leiklýsingu stendur: „Þær eru allar að minnsta kosti sjötugar,“ og á það við persónur verkisins. Þær Kristbjörg Kjeld, Margrét Ákadóttir og Margrét Guðmundsdóttir taka áhorfendur í kennslustund í hlustun og kómískum tímasetningum. Aldur er nefnilega afstæður, líka á leiksviðinu. Leikrænn kraftur og listræn orka koma nefnilega að innan, ekki með æsingi. Þær Vi, Sally og Lena birtast áhorfendum sem aldagamlar vinkonur. Þær klára setningar hverjar annarra, segja alltaf sömu sögurnar, gleyma, geyma leyndarmál og kyta.

Kristbjörg leikur hina duldarfullu Vi. Konu sem yfirgaf verndarhjúp vinnuáhrisins, ekki endilega sjálfviljug. Fortíðin kvelur hana. Hún reynir sitt besta til að vera jákvæð og horfa fram í tímann. Kristbjörg gerir þetta listavel, enda ein besta leikkona landsins þrátt fyrir að nálgast níraðisaldurinn. Margrét Ákadóttir lék einnig í uppsetningu Alþýðuleikhússins á Klassapíum, hinu leikriti Churchill sem hefur ratað upp á svið hérlendis. Hún stimplar sig rækilega aftur á leiksviðið í hlutverki Sally, sem kallar ekki allt ömmu sína nema ketti, hún hatar ketti. Kvíðinn kvelur hana, en hún felur hann með snörpum tilsvörum. Sú þriðja í vinnuhópnum er Lena sem Margrét Guðmundsdóttir leikur. Þunglyndið kvelur hana. Hún er kannski lágvaxin en ekki litil í leik, enda á Lena erfiðast með að fela vanlíðan sína. Þær fá allar hver sína einræðu til að leika sér

“

Hún stillir vinkonunum þremur upp sem táknmyndum, en gleymir ekki að þær eru persónur með sál og fortið.

með en blómstra í samtölunum sín á milli.

Gesturinn, frú Jarret, er leikin af Sólveigu Arnarsdóttur sem á heildur skilið fyrir að stökkva inn í hlutverkið með nánast engum fyrirvara. Hún leysir þetta erfiða hlutverk konu sem er alltaf á skjön, af öryggi og mýkt. Einræður hennar sprengja upp hið persónulega og hún segir frá þeim ólýsandi hryllingi sem virðist hafa ausist yfir mannkynið. Hungursneyð, hamfarafloð og hryllingur.

### Kristín í essinu sínu

Leikstjórinn Kristín Jóhannesdóttir er hér í essinu sínu og á heimavelli, með efni í höndunum sem hentar bæði hennar fagurfræði og nálgun. Hún stillir vinkonunum þremur upp sem táknmyndum, en gleymir ekki að þær eru persónur með sál og fortið. Einhver samkvæmisleikur virðist vera í gangi sem gesturinn verður að stíga inn í og læra á. En er skynsamlegt að læra af eldri

kynslóðinni eða verða hinar nýju að feta sína eigin leið?

Upprunalega enska uppsetningin staðsetti persónurnar í hversdagsleikanum, en svo er alls ekki hér. Hönnunarteymið Egill Ingibergsson og Móeiður Helgadóttir sjá um leikmynd og lýsingu. Þau umkringja konurnar háum veggjum, sem gætu allt í senn verið í kringum bakgarð, fangelsi, kirkjugarður eða útrýmingarbúðir. Lýsingin virkar ekki alveg jafn vel, þá sérstaklega hlíðarkastarnir sem lýsa upp einræður frá Jarret, en þeir fletja heiminn út frekar en að stækka. Garðar Borgþórsson sér um tónlistina og Þorbjörn Steingrímsson um hljóðmyndina, en hvoru tveggja þyrfti að vera meira afgerandi, enda nóg pláss inni í þessari veröld fyrir stuðandi hljóðheim. Búningar Stefaniú Adolfsdóttur bera af, mótvægi við litlaust umhverfið. Hver karakter hefur sinn persónulega stíl, en búningar þrenningarinnar bera samt keim af einkennisbúningum, sem er sjaldan góðs viti.

Ein komst undan endar á byrjuninni. Mun hringrásin halda áfram? Mun eftirmiðdegið endalausa vara að eilífu? Eða er þetta byrjunin á endinum? Leikhúsið Churchill fjallar ekki um svör heldur spurningar, ekki um afstöðu heldur fjölbreytileika. Setningar enda ekki á punktum heldur flæða áfram. Hræðileg reidi kraumar undir. ■

**NIÐURSTADA:** Leikkonurnar bjóða til veislu þar sem te, tortíming og dúndrandi finn leikur eru á boðstólum.



Flytjendur eru margverðlaunaðir listamenn. MYND/ÁSEND

## Amaconsort í Breiðholtskirkju

kolbrun@frettabladid.is


Á tónleikum 15:15 tónleikasýrprunnar í Breiðholtskirkju á morgun, laugardaginn 12. febrúar, flytur barokktónlistarhópurinn Amaconsort efnisskrá undir yfirskriftinni Amasque.



### Amaconsort hlaut fyrstu verðlaun í hinni virtu alþjóðlegu Van Wassenauer keppni árið 2021.

Lea Sobbe (blokkflautur), Lena Rademann (barokkfíðla og víola), Martin Jantzen (gömbur og barokkselló) og Halldór Bjarki Arnarson (seball og orgel) eru alþjóðlega virkir tónlistarmenn og margfaldir verðlauna- og styrkhafar, sem hafa öll lært við Schola Cantorum Basilensis í Sviss.

Amaconsort hlaut fyrstu verðlaun í hinni virtu alþjóðlegu Van Wassenauer keppni árið 2021. Þar að auki hrepti hópurinn sérstök verðlaun Bæverska útvarpsins í Deutscher Musikwettbewerb 2019, og var sama ár prýddur titlinum „Hirðhljómsveitin í Rheinsberg“ sem gerði þeim kleift að halda reglulega tónleika árið um kring í norðurþýsku höllinni Schloss Rheinsberg. ■



Eitt af verkum Þóru á sýningunni.

## Þóra sýnir grafík og teikningar

kolbrun@frettabladid.is

Þóra Sigurðardóttir sýnir í sal félagsins Íslensk grafík, Hafnarhúsi. Sýningin verður opnuð á morgun, 12. febrúar, og stendur til 6. mars.

Á sýningunni eru ætingar, prentaðar af málplötum á bómullarpappír og teikningar unnar á hörstriga.



### Verk Þóru eru í eigu opinberra safna og einkasafna.

Þóra Sigurðardóttir hefur starfað við listkennslu, sýningarstjórn og var skólustjóri Myndlistaskólans í Reykjavík um árabil. Hún rekur nú ásamt Sumarliða Ísleifssyni sýningarrými að Nýp á Skarðsströnd. Verk Þóru eru í eigu opinberra safna og einkasafna hér á landi og erlendis. ■

# Svart-hvít Brooklyn í Spönginni

kolbrun@frettabladid.is

Nú stendur yfir ljósmyndasýningin Brooklyn, í Borgarbókasafninu Spönginni í Grafarvog. Hrönn Axelsdóttir ljósmyndari bjó í Brooklyn í New York um síðustu aldamót, í hverfi sem er á mörkum Park Slope og Prospect Hights, þar sem fjölbreytileiki mannlífsins blómstrar. Hrönn sýnir í fyrsta sinn 25 svart-hvítar myndir, sem hún tók fyrir framan innganginn á fjölbýlishúsinu sem hún bjó í. Myndatakan spannaði 12 klukkustundir, vegfarendur sem gengu fram hjá húsinu voru beðnrir um að sitja fyrir og ein mynd tekin, stundum af einstaklingum, stundum litlum hópum, hver og einn réði því hvornig hann stillti sér upp. Við hverja töku var skráð tímasetning og nöfn fyrirætanna.



### Hrönn hefur haldið einkasýningar bæði hér á Íslandi, í Bandaríkjunum og Mexíkó.

Hrönn lærði ljósmyndun við Rochester Institute of Technology í New York-fylki. Hún hefur haldið einkasýningar bæði hér á Íslandi, í Bandaríkjunum og Mexíkó. Hrönn hefur einnig tekið þátt í fjölda hópssýninga. Sýningin stendur til 26. febrúar. ■



Einn þeirra vegfarenda sem Hrönn myndaði.

MYND/ÁSEND

**998**

kr./pk.



**Bláber**  
500 g

**598**

kr./pk.



**Jarðarber**  
400 g

**398**

kr./pk.



Ítölsk lífræn epli

**BÓNUS**

Verð gildir til og með 13. febrúar eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.



# Bananar

Hollt og ódýrt millimál í  
umhverfisvænum umbúðum



u.þ.b **61**  
kr./stk.


Dole banani  
275 kr./kg

**20,2 g**  
kolvetni\*

**90**  
kaloríur\*

**1,8 g**  
trefjar\*

**1,2 g**  
prótein\*



\* miðað við 100 g - einn banani er u.þ.b 150 g án hýðis

## Föstudagur



# Fermingar Afmæli Veislur

www.betristofan.com

Upplýsingar  
veislur@betristofan.com

## Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótt- og skemmtipáttur með Benedikt Bóasi.
- 19.30 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótt- og skemmtipáttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Biðbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir, ásamt almennu biðspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e)**

## RÚV Sjónvarp

- 06.50 ÓL 2022: Skiðaganga**
- 08.25 ÓL 2022: Skiðafimi**
- 08.50 ÓL 2022: Skiðaskotfimi**
- 10.00 ÓL 2022: Snjóbretti**
- 10.55 ÓL 2022: Skautaat**
- 12.50 ÓL 2022: Magasleði**
- 14.40 ÓL 2022: Risasvig**
- 16.20 ÓL 2022: Skiðaskotfimi**
- 17.50 Hundalíf**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Sögur af apakóngi**
- 18.25 Maturinn minn**
- 18.35 Húllumhæ**
- 18.50 Lag dagsins**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.35 Veður**
- 19.40 Kastljós**
- 20.00 Gettu betur (FG - FVA)**  
Bein útsending frá spurningakeppni framhaldsskólanna. Spurningahöfundar og dómara eru Laufey Haraldsdóttir, Jóhann Alfreð Kristinsson og Sævar Helgi Bragason. Spyrrill er Kristjana Arnarsdóttir. Stjórn útsendingar: Ragnar Eypórsson.
- 21.10 Kanari**
- 21.35 Vikan með Gísla Marteini**
- 22.30 Endeavour** Flokkur breskra sakamálamynda um Morse rannsóknarlögreglumann í Oxford á yngri árum. Hann ræður strembnar morðgátur, kynnist mönnum sem hann á eftir að starfa með næstu áratuginu og þróar með sér eftirtektarverð skapgerðareinkenni, sem hann á eftir að finna á löngum og gifturikum ferli. Í helstu hlverkum eru Shaun Evans og Roger Allam. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.00 Personal Shopper** Spennu- mynd frá 2016 um unga konu í París sem er staðráðin í að komast í samband við nylátinn tvíburabróður sinn. Það reynist þó ekki eins einfalt og hún hafði vonað og þegar hún byrjar að fá smáskilaboð frá ókunnnum númeri með dularfullum tilmælum, flækist líf hennar enn frekar. Leikstjóri: Olivier Assayas. Aðalhlutverk: Kristen Stewart, Lars Eidinger og Sigrid Bouaziz. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
- 01.55 ÓL 2022: Snjóbretti**
- 03.10 ÓL 2022: Snjóbretti**
- 04.00 ÓL 2022: Íshokki**
- 06.30 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

- 08.30 Qatar Masters**
- 13.30 Abu Dhabi Championship**
- 20.00 Waste Management Phoenix**
- 00.00 AT&T Pebble Beach Pro-Am**

## Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist**
- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show with James Corden**
- 14.00 The Bachelorette**
- 15.20 mixed-ish**
- 15.45 Survivor**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show with James Corden**
- 19.10 Carol's Second Act** Gamanþáttaröð um konu sem ákveður að láta gamlan draum rætast og fara í læknanám þegar hún er komin yfir fimmtugt.
- 19.40 Black-ish**
- 20.10 The Bachelor**
- 21.40 Rounders** Spennu- mynd frá 1998 með Matt Damon og Edward Norton í aðalhlutverkum. Ungur fjárhættuspilari fer í meðferð og er hættur öllu fjárhættuspili. Hann verður þó að snúa aftur að spilaborðunum til að hjálpa vini sínum að borga okurlánurum peninga sem hann skuldar þeim.
- 23.45 The Yards**
- 01.40 Riddick**
- 04.00 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Í ljósi sögunnar**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Óskastundin**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegisfréttir**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegisfréttir**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Glans**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Sögur af landi**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Vinill vikunnar**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Endastöðin**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Flugur**
- 19.45 Lofthelgin**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.35 Kvöldsagan: Samastaður í tilverunni**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Endastöðin**

## Stöð 2 Bíó

- 11.45 Impractical Jokers: The Movie**
- 13.10 Love to the Rescue**
- 14.35 The Secret: Dare to Dream**
- 16.20 Impractical Jokers: The Movie**
- 17.50 Love to the Rescue**
- 19.15 The Secret: Dare to Dream**
- 21.00 Shazam!**
- 23.05 Volcano**
- 00.45 I Still See You**
- 02.20 Shazam!**

## Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.20 The O.C.**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Making It**
- 10.05 Making It**
- 10.45 Mom**
- 11.05 Years and Years**
- 12.05 Framkoma**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Mr. Mayor**
- 13.15 Kevin McCloud's Rough Guide to the Future**
- 14.05 BBQ kóngurinn**
- 14.25 Grand Designs: Australia**
- 15.15 The Bold Type**
- 15.55 Real Time With Bill Maher**
- 16.50 Shark Tank**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.40 Sportpakinn**
- 18.55 Glaumbær**
- 19.25 Office Space** Skrifstofu- blókin Peter Gibbons er búin að fá nóg af starfi sínu og ákveður að gera allt til þess að verða rekin. Hann tekur upp á því að mæta alltof seint í vinnuna og summa daga heldur hann sig bara heima. En fyrirætlanir hans fara út um þúfur því að hegðun hans er rækilega misskilin og það lítur ekki út fyrir annað en hann sé á hraðri uppleið innan fyrirtækisins.
- 20.55 Apocalypse Now** Martin Sheen, Marlon Brando og Robert Duvall fara með aðalhlutverk í þessu meistaraverki úr smiðju Francis Ford Coppola. Stríðið í Víetnam stendur sem hæst og höfuðsmaðurinn Willard er sendur í háleynlegt verkefni sem snýr að því að finna og drepa undirofurstann Walter Kurtz, sem er talinn vera gjörsamlega búinn að missa vitið.
- 23.15 Last Knights**
- 01.10 Abigail**
- 02.55 The O.C.**
- 03.35 Making It**
- 04.20 Making It**

## Stöð 2 Sport

- 07.10 Tilþriffin**
- 07.55 Tindastóll - Njarðvík**
- 09.35 Valur - Stjarnan**
- 11.20 Subway körfuboltakvöld**
- 12.15 Tilþriffin**
- 13.00 Tindastóll - Njarðvík**
- 14.40 Valur - Stjarnan**
- 16.20 Subway körfuboltakvöld**
- 17.15 Tilþriffin**
- 18.05 Breiðablik - Grindavík**
- 20.00 Þór Þ. - Keflavík**
- 22.00 Subway körfuboltakvöld**
- 23.05 Breiðablik - Grindavík**
- 00.45 Subway körfuboltakvöld**

## Stöð 2 Sport 2

- 07.00 Nottingham Forest - Leicester**
- 08.40 Tottenham - Brighton**
- 10.20 Manchester City - Fulham**
- 12.00 Manchester United - Middlesbrough**
- 13.40 Liverpool - Cardiff**
- 15.20 Ensku bikarmörkin 2021/2022**
- 15.45 Roma - Genoa**
- 17.25 Juventus - Verona**
- 19.05 Inter - AC Milan**
- 20.45 Ítölsku mörkin**
- 21.15 Inside Serie A**
- 22.00 Magic - Grizzlies**
- 23.40 The Fifth Quarter**

# SAMSUNG

## DAGAR

### 20% - 30% AFSLÁTTUR



**ORMSSON**



Hlaðvarpsgufan rís við Efstaleiti.

## Hlaðvarpsgufan

toti@frettabladid.is

Anna Marsibil Clausen, ritstjóri hlaðvarpa á RÚV, lét í vikunni þau boð út ganga úr Efstaleitinu að nú stæði hverjum sem er til boða að senda inn hugmyndir að hlaðvörpum til framleiðslu hjá RÚV.



Anna Marsibil.

Kunnuglegur einokunar- og skylduáskriftarhrollur fór um einhverja hlaðvarpara á frjálsum markaði við þetta, á meðan einnig hefur verið bent á að hlaðvarp sé í eðli sínu útvarp og því allt sem vera ber hjá ríkisstofnuninni.

Hins vegar má spyrja hvort RÚV ætli sér ekki hér að rótask í plægðum akri þar sem fólk hefur nú þegar opnað hlaðvörp, að því er virðist, um allt milli himins og jarðar upp á sitt einsdæmi og af eigin rammleik.

Mögulega er RÚV líka að leita allt of langt yfir skammt að hlaðvarps-hugmyndum þar sem innanhúss er dágóður lager af sigildum hugmyndum sem vel mætti endurvinnna til hlaðvarps.

Þátturinn **Jóreykur að vestan** er í besta falli vanmetið fyrirbæri í menningarsögunni, en á meðan hann var á dagskrá útvarpsins fengu sveitatonlistarunnendur reglulegan og ráðlagðan skammt af því harmakveini sem kennt er við könni. Þessi hópur hefur löngum legið óbættur hjá garði og verðskuldar sitt hlaðvarp í boði ríkisins.

Unglingaþátturinn **Fristund** á Rás 2 varð villuráfangi og menningarlega vannærðum unglingum niunda áratugarins traustur kompás í eina klukkustund á viku milli 17 og 18. Ástandið á æskulýðnum hefur lítið skánað í seinni tíð og með rökum má einmitt verja þá skoðum að krakkarnir þurfi nauðsynlega að fá Fristund frá skjáglápinu með nýju hlaðvarpi sem hægt er að hlusta á í símanum.

**Maður er nefndur** var ágætis útvarpsþáttur, að vísu í sjónvarpi, í kringum aldamótin þar sem Hannes Hólmsteinn Gissurason ræddi við Íslendinga sem urðu vitni að mestu breytingum Íslandssögunnar á síðustu öld. Þessi öld hefur ekki síður verið viðburðarík þad sem af er og Hannes er enn hamhleypa til verka.

Óskalaþáttir fóru illa út úr upplýsingatæknibyltingunni og heilu kynslóðirnar eru að missa af þeim mikilvæga uppeldisþætti að þurfa að hafa fyrir lífinu og lögunum sem liggja nú eins og hráviði á streymisveitum. Sameinað hlaðvarp þáttanna **Lög unga fólksins** og **Óskalög sjúklinga** gæti bjargað framtíð þjóðarinnar. Að því gefnu auðvitað að biðja þarf um óskalögin með bréfaþósti en ekki smáskilaboðum og tölvuþósti. ■

Fönkstjarnan Betty Davis er látin, 77 ára að aldri. Hún ögraði samtíma sínum svo mjög að tónlist hennar var bönnuð í bandarísku útvarpi. Stallsystir hennar, Una Stef, segir sorglegt að arfleifð Betty litist svo mjög af árslöngu ofbeldissambandi við tónlistarmanninn Miles Davis.

ninarichter@frettabladid.is

„Ég er búin að grúska svo mikið í þessari músík en það sem er áhuga-vert er að ég held að ég hafi fyrst lesið um hana í djass-sögutíma þegar ég var í tónlistarskóla,“ segir tónlistarkonan Una Stef um Betty Davis, en hún hefur sérhæft sig í fönktónlist.

„Hún var gift Miles Davis. En ég vissi ekkert mikið meira og það var ekki fyrir en ég fór að grúska í fönksögunni og fór að leita að konunum í fönkinu, að ég rambaði á hana og hennar sögu. Kemst þá að því að þetta hjónaband hennar við Miles Davis er minnst áhugaverði hlutinn af hennar lífi.“

Una lagðist þannig í dálitla rannsóknarvinnu og kynnti sér tónlist Bettyar og feril. „Þegar ég var að byrja að hlusta á þessa músík fór ég ekkert bara á internetið og fann þetta þar,“ segir Una og hlær. „Ég þurfti að finna þetta á geisladiskum og fara í Skífuna. Ég fór á internetið einu sinni í viku,“ segir hún.

### Sú fyrsta sem gaf út alvöru fönk

Óhætt er að segja að Betty hafi haft gríðarleg áhrif á tónlistarsöguna. Nánast öll hennar tónlist var hljóðrituð á árabílinu 1964 og 1973 og hún var þekkt fyrir sviðsframkomu sem þótti full ögrandi fyrir tíðarandann. Þannig varð hún ekki sist áhrifamikill femínískur brautryðjandi í tónlistarheiminum.

Þegar Una er spurð hvort hún sækir meðvitaðan innblástur til þessarar drottningar fönksins svarar hún:

„Já. Hún er algjör brautryðjandi á fönksenunni. Eiginlega fyrsta konan sem kemur og gefur út „hard funk“, alvöru fönk. Ekki R&B eða „soul“ blöndu,“ útskýrir Una. „Fyrir mig – maður hlustar á fönkið og James Brown og þessa kalla. Maður fær eitthvað lánað hér og þar og fær innblástur,“ segir hún. „En eftir að ég uppgötvaði hana leitaði ég meira til hennar, ég tengi meira við það sem hún hefur að segja,“ segir Una.

### Kynlíf, pólitik og kynjamál

„Textarnir hennar eru svona helmingurinn af því sem gerir hana svona einstaka. Hún þorði að syngja um það sem karlarnir voru að syngja um. En það var svo mikið tabú af því að hún var að syngja það.“ Textarnir fjalla að sögn Unu um stöðu svartra kvenna, stöðu kvenna í tónlist, pólitísk álitamál og kynlíf.



Þótt Betty Davis hafi verið ögrandi brautryðjandi skyggir skammlíft hjónaband hennar og Miles Davis á minningu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Engin Madonna án Betty Davis

„Það er merkilegt að geta lesið þessa texta, og geta speglað sig í þeim 50 árum seinna sem kona í tónlistarbransanum,“ segir Una. „Þessi sena er ennþá í dag þannig, að þetta eru mest karlar, að gera fönktónlist. Þessir textar eiga óþægilega mikið við í dag. Ég hlusta á hana og leita að innblástri.“

Una segir Betty hafa verið þekktá sem tiskudrottningu. „Hún fór alla leið í þetta allt saman. En ef þú skoðar hvað er að gerast þessum tíma, þá eru karlar að gera nákvæmlega þetta sama!“

Una segir rokkið og rólið og frægðarsól Jimi Hendrix hafa verið í hámarki á þessum tíma. „En Betty var bönnuð á útvarpsstöðvunum.“

Una segir lítið hafa breyst í þeim efnunum og segir halla mjög á konur á senunni. „Þetta er að mörgu leyti tengt djassinum. Þessi rytmíska sena hefur alltaf verið mjög karllæg. Í poppinu er þetta öðruvísi,

konur eru áberandi þar,“ útskýrir hún. „En ef þú skoðar djassenuna og „big band“ senuna og svo fönk og „fusion“ djass ... þá sérðu ekki mikið af konum. Konurnar eru þá helst söngkonur,“ segir Una.

### Sagði nei við útgáfufyrirtækin

„En Betty ruddi brautina gersamlega og sérstaklega í Bandaríkjunum, og fyrir allar konur. Hún fórnaði sér gersamlega fyrir framtíðina. Útgáfufyrirtækin vildu fá hana til sín, en vildu breyta öllu. Hún var rosalega vinsæl, með marga fylgjendur og var tisku-„icon“, fólkið í Soho elskaði hana,“ segir Una. „En þessir karlar hjá útgáfufyrirtækjunum vildu að hún syngi svona og klæddi sig svona. Hún sagði bara nei, og stóð við það.“

Ef ekki hefði verið fyrir ákvörðun hennar að halda sínu striki, hefði hún kannski orðið meiri poppprinsessa. En við hefðum ekki fengið Madonnu, Erykah Badu og Janelle



Fimmtíu árum eftir að hún deyr er hún þekktust fyrir að vera fyrrverandi eiginkona einhvers. Þetta er eitthvað svo súrt og glatað.



Una Stef, söngkona.

Monae,“ segir Una og það er ljóst að áhrifa Bettyar nýtur enn við í dag.

### Varð ekki rík af tónlistinni

„Hún flýr eiginlega Miles Davis, og hættir í músík. Hún sagði nei við alla og þá hættu plötufyrirtækin að reyna. Hún var, eins og ég skil söguna, svo brotin eftir þetta hjónaband að hún bara hætti að gera músík,“ segir Una.

„Það var gerð mynd um hana fyrir fimm árum. Núna síðustu árin bjó hún bara í blokkaribúð og átti ekki bíl eða gema. Hún varð ekkert rík af þessu,“ segir hún.

Unu gremst að sjá hversu lituð arfleifð Betty Davis er af árslöngu hjónabandi við tónlistarmanninn Miles Davis.

### Alltaf fyrrverandi

„Ég sé á andlátstilkynningum að það er alltaf skrifað fyrst: Betty Davis, fyrrverandi eiginkona Miles Davis. Hún er brautryðjandi í tónlist, þau voru gift í eitt ár, þau skildu fyrir fimmtíu og eitthvað árum, hann beitti hana ofbeldi allan tímann, en samt er hún þekktust fyrir að hafa verið eiginkona hans.“

Una segir Betty hafa haft mikil áhrif á Miles. „Hún gerði hann að miklu meiri töffara en hann var fyrir þann tíma. En hann nefnir hana ekki einu sinni á nafn í ævisögunni sinni og sakar hana um að hafa haldið framhjá með Jimi Hendrix, eitthvað sem hún þvertók fyrir að hafa gert, allt þangað til hún dó.“

Una minnst þess þegar blaðamaður hjá erlendu tónlistartímariti fjallaði um tónleika sem hún sjálf hélt með hljómsveit sinni hér á Íslandi. „Ég man fyrir einhverjum árum var einhver að gera tónleika-umfjöllun um okkur, og þá skrifaði hann: „Una Stef is the queen of funk and should I say the James Brown of Iceland?“ Ég fékk alveg ... ég er bara einhver kall! Þetta er eitthvað til að hugsa um.“ ■

# Landspítalabúningar hylja nærbuxur starfsfólks

ninarichter@frettabladid.is

Fréttir af nýjustu spítalatísku-straumum berast víða þessi dægrin, enda hefur starfsfólk Landspítalans tekið nýjum vinnufötum vægast sagt fagnandi.

Nýju búningarnir eru viðbragð spítalans við þrálátu ákalli starfsfólksins um að þeim verði fundinn fatnaður við hæfi og þá fyrst og fremst ógagnsæjar buxur, sem hylji nærbuxurnar innan undir.

„Þeir komu bara í vikunni,“ segir hjúkrunarneminn Sara Sif Sveinsdóttir sem tekur breytingunni fagnandi. „Fyrst kom þessi hvíti og svo var þessi litur að koma. Það verða bláir og hvítir litir í boði.“



Hjúkrunarfræðinemarnir Ólafía og Sara eru hæstánægðar í nýja bláa litnum. MYND/ADSEND

Aðspurð um viðtökur segir Sara þær vera afskaplega góðar. „Það þarf ekki mikið til að gleðja okkur heilbrigðisstarfsfólk.“

Hún segir eldri starfsmannafatnað spítalans hafa verið stórgallaðan þar sem neðri hlutinn var gegnsær. „En nariurnar sjást ekki í gegn í þessum. Þannig var það áður. Og það er gaman að fá nýjan lit og breyta aðeins til.“

Starfsmannaklæðnaðurinn á Landspítalanum hefur verið í nokkrum litum. Meðal annars fjölu-bláum, bleikum, bláum og grænum. Sara segir þó aðspurð að starfsfólk spítalans sé yfirleitt ekki litakóðað.


„Þú mátt bara velja þér það sem þér líkar að vera í. Þú tekur það sem



Það þarf ekki mikið til að gleðja okkur heilbrigðisstarfsfólk.

þér líður vel í. Mér skilst að þessir gömlu litir fari bara út, og það eiga bara að vera þessir tveir,“ segir hún.

„Núna er þetta bara eins og í Grey's Anatomy-þáttunum,“ segir Sara og hlær, alsæl í bláa búningunum. ■




## Útsalan er í gangi!

Allt að sjötíu prósentu  
afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN LAUGARDAG  
11. - 12. FEBRÚAR!**

HANS J. WEGNER,  
ARNE JACOBSEN,  
BORGE MOGENSSEN,  
PHILIPPE STARCK,  
ERIK MAGNUSSEN  
OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)





## MATUR OG HEIMILI LÍFSSTÍLSBLAÐ

Föstudaginn 18. febrúar mun sérblaðið Matur og heimili fylgja Fréttablaðinu.

Sjöfn Þórðardóttir ritstjóri og stjórnandi þáttarins Matur og heimili mun ritstýra þessu blaði.

Í blaðinu verðum við með umfjöllun um mat, skemmtileg viðtöl og innlit á falleg heimili svo eitthvað sé nefnt.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.

### Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, sölu- og markaðsfulltrúi.  
Sími: 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

**FRÉTTABLAÐIÐ** SÉRBLÖÐ



Fríðrik Dór er meira en til í að kveðja veturinn og veiruna.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

## Galopnar hlið gleðinnar

Nú þegar loks hillir undir raunverulegar afléttingar samkomutakmarkana ætlar Fríðrik Dór að taka að sér að opna hlið gleðinnar á ný og í mars verður hann líklega fyrstur til þess koma út úr kófinu, með tónleika fyrir fleiri en þúsund manns.

odduraevar@frettabladid.is

Fríðrik Dór Jónsson, einn ástsælasti tónlistarmaður þjóðarinnar, segist ætla að bjóða upp á tónleikaveislu í Silfurbergi Hörpu þann 11. mars á tónleikum sem hann heldur undir hinni mjöð svo viðeigandi yfirskrift Opnum hliðin.

Fríðrik Dór hefur þó fleiri tilefni til að fagna en að útlit sé fyrir að tónleikahald fari að komast í eðlilegt horf, þar sem hann gaf nýlega út sína fyrstu plötu í tæp tíu ár. Platan heitir Dætur og verður eðlilega í forgrunni þegar hann opnar hlið gleðinnar, þótt eldri smellir muni að sjálfsgöðu fljóta með.

### Drögum okkur úr hliðinu

Fríðrik segir að honum og umboðsmanninum hans, útvarpsmanninum Mána Péturssyni, hafi þótt nafnið smellpassa við tíðarandann. Eðlilega kannski eftir rúmlega tveggja ára heimsfaraldur með tilheyrandi lokunum og almennu parti- og vonleysi.

„Ég og Máni vinnum nú allt saman og okkur fannst þetta nú aðallega bara fyndið og ekki meint

sem einhver pólitísk yfirlýsing af minni hálfu,“ segir Fríðrik hlæjandi. Nafnið grípi stemninguna hjá mannskapnum, sem getur vonandi bráðum slett úr klaufunum eins og kálfar að vori.

„Opnum hliðin og „let’s go“. Vegna þess að mér finnst að þegar við vonandi náum að opna hliðin, þá held ég að þetta verði laufflétt átak fyrir okkur að rífa okkur aftur til fyrra horfs,“ útskýrir Fríðrik.

„Það er nefnilega svo auðvelt fyrir okkur að fara ekki alveg alla leið, að halda okkur aðeins í hliðinu. Og við viljum það ekki. Við viljum muna hvað það var gaman þegar við gátum um frjálst höfuð strokið.“

### Viðbúinn áföllum

Lítið hefur verið um viðburði undanfarnar vikur eftir að takmarkanir voru hertar í enn eitt skiptið, jafnvel það þúsundasta, í janúar. Fríðrik segist aðspurður skynja viðburðaþorstann og skilja vel að mörgum hafi þótt veturinn ansi langur.

„Ég held við þurfum á þessu að halda. Þótt það sé fint að hafa birtuna af snjónum núna, þá hef ég alveg oft verið í betra skapi fyrir snjó,“ segir Fríðrik, merkilega léttur.

„Ég held það séu rosalega margir sem eru einmitt bara viðburðaþyrstir og bara þú veist, þótt það sé ógeðslega asnalegt að segja það, þrá bara að dansa þetta í burtu. Þessa blessuðu veiru og fara aðeins að sletta úr klaufunum,“ segir Fríðrik sem lofar veislu í Silfurbergi en er þó eðlilega undir það búinn að kófið



Okkur fannst þetta nú aðallega bara fyndið og ekki meint sem einhver pólitísk yfirlýsing af minni hálfu.

setji mögulega strik í reikninginn með einum eða öðrum hætti.

„Það er bara raunveruleikinn þessa dagana. Það er þetta gamla góða, að vona það besta en búa sig undir það versta. Allt getur auðvitað farið til fjandans bara á morgun. En við vonum ekki.“

### Stressaður en glaður

Fríðrik segist í skýjunum með viðtökurnar við nýju plötunni sem kom út á streymisveitum í lok janúar. „Því það eru tíu ár síðan ég gaf út plötu og þetta var áskorun fyrir mig og hreinlega átak að ráðast í heila plötu og smá stressandi að gefa hana út,“ segir Fríðrik á einlægum nótum. Hann segist hafa tröllatrú á að það verði af tónleikunum.

„Ég ætla ekki að spila mig sem einhvern Nostradamus en eru ekki allir alltaf klárir í smá gleði og jákvæðni á þessum síðustu og verstu?“ spyr Fríðrik hlæjandi og bætir við: „Já, já, já, sjáumst í Hörpunni bara 11. mars, fersk!“ ■

## Frekar horft til fegurðar en hæðar

odduraevar@frettabladid.is

Fjórtn ár eru í dag frá því að turninn á Smáratorgi í Kópavogi stepti Hallgrímskirkju af stóli sem hæsta bygging landsins. Sóknarprestur segir fegurðina telja, en ekki metrafjöldann, þegar hann lítur um öxl.

Turninn, sem mögulega er fyrsta tilraunin til að reisa skýjakljúf á Íslandi, er 78 metrar á 20 hæðum. Hallgrímskirkjuturn er hins vegar „einungis“ 74,5 metrar að hæð.

„Við Hallgrímskirkjufólk fögnum kát vexti og eflingu,“ segir sóknarpresturinn Sigurður Árni um tímamótin 2008 þegar Smáratorgs-turninn var vígður.

„Kannski lítum við á málin eins og góðir foreldrar – því betur sem allt vex þeim mun betra. Við erum meira með hugann við gæði en magn, fegurð en metra.

Svo hefur Hallgrímskirkju verið



Turnarnir tveir í Reykjavík annars vegar og Kópavogi hins vegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SAMSETT



Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju

mikill sómi sýndur; af The Guardian talin eitt af tíu mikilvægustu ihugunarhúsum í heimi, af fjölfjöðlegum ferðamannavef talið fallegasta hús á Norðurlöndum og svo framvegis. Hæð húsa í kringum okkur gleður, en mikilvægast er að Hallgrímskirkja þjóni fólki vel. Það er okkar mál.“ ■

**GOTT... BETRA...**  
**BESTA SETTID**

**EITT  
SETT**  
BITAR

**EITT  
SETT**  
MED LAKKRISBITUM

**EITT  
SETT**  
SÍRÍUSLENGJA OG LAKKRISBORÐI

150 g

### Bakþankar

Svanborgar Sigmarsdóttur



## Í viðjum Keðjunnar miklu

Frá tímum Forn-Grikkja hefur hinn vestræni maður staðið andspænis náttúrunni og raðað heiminum upp í eina sanna keðju: Keðjuna miklu frá hinu ófullkonnasta til hins fullkonnasta. Ekki hafa allir verið sammála um hvað raðast á þessa keðju eða hvernig. En iðulega er byrjað á sandkorninu. Og endað á Guði. Helsta deiluefnið hefur svo verið hversu nálægt Guði maðurinn stendur.

Á myrkustu miðöldum, þegar sjálfsálit hins vestræna manns var ekki upp á sitt besta, fjölgaði guðlegum verum töluvert, til að breikka bilið á milli manns og Guðs. Meira að segja litlu dúllurassa englarnir með barnshöfuðin voru manninum æðri.

En þrátt fyrir smávægilegar deilur um stöðu engla, geimvera og steingervinga, þá hafa mennirnir lengst af verið sammála um að í þessari keðju sitji konurnar skör eða tveimur neðar. Og hafa réttlætt það fyrir sjálfum sér að þær séu bara ekki eins fullkomnar, því miður. Þær séu í Keðjuni miklu nær þrælum og húsdýrum. Um þetta eru til margir hillumetrar af skrifum í vestrænni heimspeki.

Bylgjur eftir bylgjur af sterkum konum hafa stigið fram og andmælt þessari heimssýn. Krafist þess að konur séu mönnum jafningjar. Með hverri bylgju hefur orðið til aukid rými fyrir konur. En grunnhugmyndin, að konur séu körlum jafnar, virðist enn þvælast fyrir einhverjum. Þetta sjáum við skýrt í nýjustu #MeToo-bylgjunni, að einhver eru enn föst í þessum viðjum heimsmyndar Keðjunnar miklu. Þar sem konur eru viðfang. Eitthvað sem má taka, nota og eigna sér, því fullkonnunin sé minni. Er ekki kominn tími til að kasta þessari keðju út í hafsauga? ■

**HRAUNHAMAR**  
 FASTEIGNASALA  
 BÆJARHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI  
 Sími: 520-7500 - FASTEIGNASALA SÍÐAN 1983

**NÝBYGGINGAR Í HAFNARFIRÐI**  
 FJÖLDI EIGNA AÐ KOMA Í SÖLU Í SKARÐSHLÍÐ OG HAMRANESI



## SERTA SPLENDID ROYAL

### FIMM STJÖRNU STILLANLEGT RÚM MEÐ HÖFÐAGAFLI

#### SETTU ÞIG Í STELLINGAR FYRIR BETRI SVEFN

MEÐ ÞVÍ EINU AÐ SNERTA TAKKA GETUR ÞÚ STILLT RÚMIÐ Í HVADA STELLINGU SEM ÞÉR HENTAR

**SPLENDID ROYAL** heilsurúmið er virkilega vandað rúm sniðið að þínum þörfum. Botninn er fjaðrandi (box-spring) samsettur úr 20 cm háum gormum sem gefa rúminu enn meiri þægindi og lagar það fullkomlega að þér.

Splendid Royal heilsudýnan frá Serta er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði.

Gormakerfið er með þéttari stuðning við bak og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Þannig tryggir þú rétta svefnstillingu hver sem svefnstaða þín er og hjálpar þér að ná dýpri og betri svefn. Hægt er að velja um tvo stífleika, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum.

Yfirdýnan er millistífl heilsudýna sem vinnur á einstakan hátt með fjöðrunarkerfinu í dýnunni. Höfuðgaflinn er fagaður og stílhreinn. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið, hvort tveggja er selt sér.



Náttborð á mynd er ekki innifalið í verði.

Stærð	Fullt verð: með Ocean gafl og HR toppi	Fullt verð: Gafl Ocean
160x200	649.900 kr.	79.000 kr.
180x200	679.900 kr.	89.000 kr.
180x210	689.900 kr.	89.000 kr.
200x200	739.900 kr.	99.000 kr.



ÖNNUR RÚM Í HÓTEL RÚMALÍNUNNI FRÁ SERTA

FAXAFENI 5  
 Reykjavík  
 588 8477

DALSBRAUT 1  
 Akureyri  
 588 1100

SKEIDI 1  
 Ísafirði  
 456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI  
 Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16  
 www.betrabak.is

